

Pórir Stephensen

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma

Saga þeirra og starfsemi frá upphafi kristni á Íslandi og til ársloka 1951

Inngangur

Ritgerð sú, sem hér fer á eftir og segir sögu kirkjugarðanna í Reykjavík, er byggð á þremur meginheimildum. Fyrsti hlutinn er að mestu byggður á *Dómkirkjunni í Reykjavík*, bók þeirri, sem ég skrifaði í tilefni af 200 ára afmæli kirkjunnar 1996. Þar er á nokkrum stöðum vísað til heimilda í bók Björns Th. Björnssonar listfræðings, *Minningamörk í Hólavallagarði*, en einnig sækir þessi ritgerð lítið eitt beint til þeirrar bókar. Er sóknarnefnd tók til starfa við Dómkirkjuna árið 1880, var farið að skrifa fundargerðabækur. Frá þeim tíma eru þær aðalheimild ritgerðarinnar allt þar til Kirkjugarðarnir fengu eigin stjórn, er hóf störf 12. nóvember 1932. Eftir það er fyrsta gjörðabók hennar meginheimild, en margt er þó sótt í bækur sóknarnefndar næstu árin þar á eftir.

Upphafið - Víkurgarður verður til

Kristni var lögtekin á Alþingi við Öxará árið 1000. Allsherjargoðinn, sem helgaði það þing, Þormóður Þorkelsson, er almennt talinn hafa verið bóndi í Reykjavík. Hann hefur illa komist hjá því að reisa hið fyrsta kirkju á bæ sínum, en ekki síður að sjá fólki sínu fyrir grafreit, þannig að það fengi leg í vígðri mold. Kirkjan mun hafa staðið í Kvosinni, þar sem nú er ýmist nefndur Bæjarfógetagarðurinn eða Víkurgarður, vestur af styttni, sem þar er nú af Skúla fógeta. Í kringum kirkjuna mun hafa verið hlaðinn hringlaga garður og þannig markaður fyrsti kirkjugarður Reykjavíkur. Þar var í senn vígður grafreitur og það svæði, þar sem kirkjufriðurinn skyldi ríkja. Garðurinn stækkaði svo í tímans rás, allt þar til ekki var unnt að grafa þar lengur vegna landþrengsla og nýr kirkjugarður var gerður suðvestan túns Melshúsa í um 1000 skrefa fjarlægð frá bænum.

Samkvæmt fornum kirkjunnar lögum átti að jarða alla kristna menn í kirkjugarði, nema þeir hefðu fyrirgert rétti sínum til legs í hinum vígða reit. Ekki er ljóst, hvar látnir voru greftraðir, eftir að kristin trú var lögtekin og áður en kirkjur voru byggðar og við þær vígðir grafreitir. Sögn Landnámu af Unni djúpúðgu í Hvammi í Dölum gæti bent til þess, að sums staðar hafi verið greftrað

í flæðarmáli. Hugsanlegt er einnig, að fornri venju hafi verið haldið enn um sinn. Í hinu forna heimalandi Reykjavíkur hafa ekki fundist nein forn kuml. Því hefur sú hugmynd fæðst, að frumbyggjar Reykjavíkur kynnu að hafa verið færðir úr kumlum sínum í kirkjugarðinn í Vík, líkt og gert var við Egil Skallagrímsson, ef marka má sögu hans. Um þetta verður þó aldrei neitt fullyrt. Kuml hafa getað blásið upp, áður en menn fóru að veita slíku verulega athygli. En hafi kristnir menn fyrst verið grafnir samkvæmt fornri venju og síðar færðir í hinn vígða reit, er ekki heldur útilokað, að fleiri hafi fylgt með.

Breyting Reykjavíkur úr bændabýli í þorp eykur notkun kirkjugarðsins

Reykjavíkursókn var hvorki stór né margmenn í upphafi, aðeins sex bæir: Arnarhóll, Hlíðarhús, Sel, Skildinganes, Vík og Örfirisey. Því hafa ekki bæst við mörg leiði í Víkurgarði ár hvert fyrstu aldirnar. En á 16. og 17. öld jukust verslunarumsvif í Hólminum. Það hefur trúlega kallað á aukna þurrabúð fólks, sem vann að verslun hluta úr árinu, en sótti auk þess sjó. Þegar Innréttingarnar tóku svo til starfa 1752, þá varð Reykjavík að þorpi.

Þegar kirkjurnar í Engey, að Nesi við Seltjörn og í Laugarnesi voru lagðar niður og sóknirnar lagðar til Dómkirkjunnar, þá fylgdu greftranir þar með. Allt hafði þetta áhrif á kirkjugarðinn. Hann hefur þurft æ fleiri viðbætur. Honum var svo lýst í vísitásum prófasts og biskups á síðasta fjórðungi 18. aldar:

Norður- og suðurhlið garðsins voru girtar lélegum torfveggjum, en á austur- og vesturmörkum var málað grindverk með tilheyrandi hliðum og vængjahurðum úr grindum með tvennum hjörum, járnkeng og klinku. Utan vestara sáluhliðsins var kirkjublokkinn (samskotabaukur), máluð, með hespu, keng og hengilás.

Kirkjan flutt úr garðinum

Með konungsúrskurði 15. apríl 1785 var ákveðið að flytja biskupsstólinn frá Skálholti til Reykjavíkur. Þetta þýddi jafnframt, að kirkjan í garðinum við Aðalstræti var orðin dómkirkja. Hún þótti þó ekki nógu vegleg til þess hlutverks. Því var ákveðið að reisa nýja kirkju í Reykjavík. Að fornri hefð átti hún að standa í garðinum og skyldi byggð utan um eldri kirkjuna. Frá þessu var horfið, þar sem þá hefði orðið að hrófla við nýlegum gröfum bólusóttarsjúklinga, og það taldi Jón Sveinsson landlæknir í Nesi óráðlegt. Levetzow stiftamtmaður ákvað því, að dómkirkjan nýja skyldi byggð suðaustan garðsins, á þurru bala við norðanverða Tjörnina. Þetta var brot á þeirri hefð, að kirkja stæði í kirkjugarði, og hafði sennilega aðeins einu sinni gerst áður hér á landi, er Landakirkja í Vestmannaeyjum var byggð á árunum 1774-1778.

Fyrstu hugmyndir um kirkjugarð utan bæjarins

Reykvíkingar fengu að reyna það æ betur, að þar sem margir lifa og starfa, þar deyja einnig margir, og hin upphaflega kaupstaðarlóð Reykjavíkur hafði ekki rými fyrir mjög stóran grafreit. Levetzow

stiftamtmaður, sem stóð fyrir flutningi kirkjunnar úr garðinum, lét þess getið af því tilefni, að hann teldi, að kirkjugarð ætti að hafa utan þéttbýlis kaupstaðarins.

Ekki var hægt að nýta grunn gömlu kirkjunnar fyrir ný grafstæði. Ástæðan var einfaldlega sú, að kirkjugólfið var útgrafið. Þá þótti veglegra að hljóta leg í kirkju en kirkjugarði, og menn greiddu gjarnan helmingi hærra legkaup fyrir að mega liggja undir kirkjugólfi en grænni torfu.

Það er ekki fyrr en árið 1804, sem kirkjustjórnin í Reykjavík ræðir þörf á nýjum grafreit. Á fundi, sem haldinn var 11. ágúst það ár, var skorað á bæjarfógetann að láta hlaða upp veginn milli kirkju og kirkjugarðs (hann var eftir þetta kallaður Kirkjubrú) og jafnframt óskað eftir því, að fengnir verði hæfir menn til að velja hentugan stað utan bæjarins fyrir nýjan kirkjugarð, sem síðan verði afgirtur. Bæjaryfirvöld sinntu þessu ekki, en reynt var að bæta við garðinn eins og kostur var.

Lýsing Víkurgarðs

Í úttekt árið 1825 er garðinum lýst á þessa leið: „Kirkjugarðurinn liggur austanvert við aðalgötu bæjarins. Hann er 50 álna langur meðfram götunni og 82 álnir á dýpt frá götunni að jurtagarði, sem þar er. Norður-, vestur- og suðurhliðar eru girtar grindverki, sem er 2 ¹/₄ alin á hæð. Að austan er grjótgarður studdur að innan af moldaruppfyllingu. Á miðri vesturhlið er sáluhlið með vængjahurðum og lás þar á. Sams konar hlið er við suðausturhorn gamla kirkjugarðsins, en þar frá hefur nýlega verið bætt við stykki, sem er 12 álnir að dýpt, en þó þremur álnum skemmra við suðurhlið kirkjugarðsins. Þar sem gamli kirkjugarðurinn er næstum allur útgrafinn, þá þarfnast sóknin mjög þessa stykkis, en ekki er hægt að nýta það, fyrr en bætt hefur verið í það nokkru af mold.“

Af þessu má að mestu marka staðsetningu og endanlega stærð þessa elsta grafreits í Reykjavík. Meðfram Aðalstræti, frá horni hans suðvestanverðu og til norðurs, hefur hann náð 50 álnir eða yfir 31 m. Á miðri þeirri hlið hefur aðalsáluhliðið verið, vestur af þeim stað, þar sem minnisvarði Skúla fógeta er nú. Frá sama horni hefur garðurinn náð 91 alin eða rúma 57 m austur með Kirkjustræti (Kirkjubrú). Norðurhlið hans mun hafa náð þremur álnum lengra til austurs. Norðurmörk garðsins hafa legið fast við byggingarnar, sem þar eru í dag (1998). Vestur- og suðurmörkin hafa verið um miðjar gangstéttar þær sem nú eru þar (1998). Eystra sáluhliðið hefur verið nálægt staðnum, þar sem nú (1998) er ekið út af bílastæðum Landssímahússins.

Undirbúningur hafinn að nýjum grafreit utan bæjarins

Árið 1829 tók Lorenz Angel von Krieger við embætti stiftamtmanns. Hann reyndist mikill framkvæmdamaður og vildi gjarnan breyta Reykjavík í „einn reglulegan bæ“. Hann tók kirkjugarðsmálið að sér og leiddi það til farsælla lykta. Í bréfaskiptum sínum við rentukammerið (fjármálaráðuneytið) í Kaupmannahöfn í ársbyrjun 1832, segir hann, að vart sé lengur mögulegt að stækka garðinn. Miklu hentugra sé, að gera nýjan garð utan bæjarins. Þar sé afar gott garðstæði, sem hafi þó þann galla, að þar skorti grjót í girðingu. Því sé ekki hægt að krefjast þess af söfnuðinum, að hann komi upp grjótgarði. Krieger vitnaði einnig í danska

reglugerð frá 22. febrúar 1805, þar sem kaupstöðum, sem ekki hafi kirkjugarða utan bæjarmarkanna, er gert að skyldu að koma þeim upp innan tveggja ára. Með kansellibréfi 23. september 1817 hafi verið ákveðið, að kostnaður við slíkar framkvæmdir eigi að greiðast af viðkomandi kirkjum, en séu þær ekki færar um það, þá af söfnuðunum. Krieger segir kansellið (stjórnarráðið) gefa sér, að yfirleitt eigi kaupstaðasöfnuðir kirkjurnar, en svo sé ekki í Reykjavík, þar sé kirkjan eign hans hátignar, konungsins. Stiftamtmaður gerir því að tillögu sinni, að rentukammerið leyfi stofnun kirkjugarðs utan bæjarins á stað, sem antið ákveði. Hann leggur ennfremur til, að kostnaður við garðinn, girðingu hans og byggingu líkhúss verði greiddur úr sjóði kirkjunnar, eftir því sem ráð hans hrökkvi til, en annars úr Jarðabókarsjóðnum (þáverandi landssjóði), enda verði garðinum sett reglugerð í samræmi við þær reglugerðir, sem gilda fyrir kirkjugarða í kaupstöðum í Danmörku.

Málið þvældist fyrir dönskum stjórnarherrum nokkuð á fjórða ár. Í september 1835 var stiftamtmaður beðinn, áður en ákvarðanir yrðu teknar, að gefa skýrslu um, hve miklu fé mætti reikna með frá kirkjunni til þessarar framkvæmdar. Einnig var beðið um kort af staðnum og teikningu af líkhúsi. Krieger var til lækninga í Danmörku um þessar mundir og ekkert varð af undirbúningi, fyrr en hann kom aftur vorið 1836. Hann fékk þá Helga Thordersen dómkirkjuprest sér til aðstoðar í málinu. Í bréfi til rentukammersins segir Krieger, að þeir hafi fundið gott garðstæði vestan bæjarins. Þar séu 4 - 4 ^{1/4} alin niður á fastan grunn. Landlæknir, biskup og framámenn bæjarfélagsins höfðu allir gefið samþykki sitt fyrir þessum stað, sem Krieger segir, að sé innan 1.000 skrefa fjarlægðar frá bænum. Hann sendir ekki kort, en lýsir landinu vel og legu þess. Það er jafnhliða ferningur, 130 álnir á hvern veg eða 16.900 ferálnir. Af því telur hann, að meira en 14.000 álnir verði eftir, þegar frá hafi verið tekið hæfilegt rými fyrir líkhús og gangstíga. Þar ætti því að vera hægt að jarðsetja um 1.750 lík.

Þessi fyrsti hluti kirkjugarðsins við Suðurgötu, eins og hann hefur lengst af verið kallaður, var afmarkaður suðvestur af túni Melshúsa, en þau stóðu skammt sunnan núverandi Kirkjugarðsstígs á svæði því, sem varð önnur viðbót við þennan garð, gerð 1903-1905. Að metramáli var garðurinn í upphafi rúmir 87 m á hlið og tæpir 7.632 fermetrar að flatarmáli. Jarðvegisdýpt hefur verið 280-290 cm.

Krieger vildi hafa líkhúsið í miðjum garðinum. Það var tillaga dómkirkjuprestsins, að húsið væri með bindingsverki, timburklætt að utan og innan. Húsið ætti annaðhvort að vera ferningur að grunnfleti, 12 álnir á hvern veg, eða þríhyrnt í sömu stærð, lofthæð 4^{1/2} alin. Dyr áttu að vera á austurgafli, en einn margrúðna gluggi á hverri hinna hliðanna. Þakið átti ekki að vera hátt, en á því miðju turn með klukku. Væri þetta hús málað í hæfilegum lit, taldi stiftamtmaður, að það gæti orðið hin mesta garðsprýði. Hann vildi fá húsið teiknað og tilhöggvið í Danmörku, þannig að ekki þyrfti annað en setja það á grunn, er hingað kæmi. Krieger taldi ástandið í kirkjugarðsmálum hér orðið svo slæmt, að ekki væri hægt að bíða svars rentukammersins. Hann yrði því að

undirbúa málið um veturinn í þeirri trú, að kammerið mundi samþykkja tillögur hans. Þess vegna ætlaði hann að láta mæla svæðið út, keyra að efni í grunn líkhússins og stétt utan garðs og loks að undirbúa sem best smíði grindverks. Við það yrði kostnaður minni og verkið fengi fyrir farsælan endi.

Garður gerður og vígður. Líkhús byggt

Bréf Kriegers var skrifað 23. september 1836. Vegna erfiðra samgangna var svars ekki að vænta fyrir en á útmánuðum 1837. Hann tekur því djarfa ákvörðun, er hann ákveður að hefjast handa með undirbúning. En það kom í ljós, að rentukammerið bar fullt traust til Kriegers. Framkvæmdum við sjálfan kirkjugarðinn var að mestu lokið haustið 1837. Viðir í tilsniðið líkhús komu með skipi í marslok 1838. Klukka var látin fylgja með. Líkhúsið stóð í garðinum til 1951 en var þá flutt í Fossvogskirkjugarð og notað þar um skeið til ýmissa hluta. Á grunni þess í garðinum var reist klukknaport, sem enn stendur. Í því er klukkan úr Líkhúsinu. Er hún var tekin niður til hreinsunar haustið 1994, kom í ljós, að á hana er höggvin áletrun, er virðist vera Nicholas and Anne, sem trúlega er nafn á skipi. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós, að sennilega er um að ræða norskt skip með þessu nafni. Það var smíðað í Noregi 1798, átti heimahöfn í Sandefjord til 1808, en síðan í Frederikstad til 1825, og eftir það fara ekki af því sögur.

Sumarið 1838 var nýr kirkjugarður í Reykjavík fullbúinn og því engin ástæða til að kvarta undan grafarþrengslum. En þá gerðust hlutir, sem enginn hafði búist við. Það gekk mjög treglega að fá menn til að byrja að nota garðinn. Því mun hafa valdið hjátrú tengd hinni gömlu trú á upprisu holdsins. Samkvæmt henni áttu allir látnir að sofa í gröfum sínum til hinsta dags. Einn átti þó að vaka og taka á móti hinum, sá sem fyrstur var jarðsettur í garðinum. Og það vildu menn almennt ekki leggja á ástvini sína, þeir sem á eftir þeim horfðu í Reykjavík um þessar mundir. Alltént varð á því dráttur, að grafið væri í garðinum. Það var ekki fyrir en 23. nóvember 1838, sem fyrsta jarðarförin fór þar fram. Var þá til moldar borin Guðrún Oddsdóttir Sveinbjörnsson, kona Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara, en var áður seinni kona Stefáns Stephensen amtmanns á Hvítárvöllum. Þórður segir frá því í ævisögu sinni, að „vegna hjátrúar vildi enginn láta ættingja sinn fyrstan grafa í garðinum, og varð því Bardenfleth (stiftamtmaður) glaður við, að ég gekk í þessu á undan; slíka merkiskonu sem hjer var um að gjöra.“

Carl E. Bardenfleth tók við stiftamtmannsembætti hér, er Krieger hvarf héðan af heilsufarsástæðum. Hann tilkynnti biskupi, að kirkjugarður og líkhús væru rétt undirbúin til notkunar. Biskup fól svo dómkirkjupresti að „vígja þann Kirkjugarð eður Greptrunarreit með hæfilegri Ræðu og Sálmasöng undireins og Lík er þar út borið og grafið í fyrsta sinn.“ Við vígslu garðsins var mikið fjölmenni saman komið, svo að sjaldgæft var talið hér á landi.

Grafið eftir skipulagi. Grafari ráðinn

Af eðlilegum ástæðum var eitthvað grafið áfram í garðinum við Aðalstræti. En með stofnun nýs garðs utan bæjarmarkanna urðu þó nokkur þáttaskil. Nú skyldi

grafið eftir skipulagi og til þess þurfti umsjónarmann, sem einnig gæti staðið fyrir grafartekt. Þannig varð til nýtt kirkjulegt starf á Íslandi. Eiríkur Eiríksson hringjari við Dómkirkjuna var einnig ráðinn til starfa við kirkjugarðinn og var nefndur grafari.

Síðasta greftrunin í Víkurgarði - í privatgrafreit hjá apótekinu

Ekki er vitað, hvenær síðast fór fram almenn greftrun í kirkjugarðinum við Aðalstræti. Árið 1883 var Schierbeck landlækni leyft að byggja sér hús norðan við mörk garðsins og jafnframt heimilað að taka sjálfan grafreitinn til blómaræktunar og trjáplöntunar. Varð hann þá einn fegursti bletturinn í Reykjavík um margra ára skeið. Eftir það mun enginn hafa verið grafinn þar. En árið áður var maddama Marie Josephine Angélique Krüger (1855-1882) eiginkona Niels Smith Krüger, dansks lyfjafræðings, sem var apótekari í Reykjavík árin 1877-1890, grafin þar og síðar einnig missirigömul dóttir þeirra, Ingeborg Krüger. Maddama Krüger var grafin 6. september 1882. Krüger fékk þá konungsleyfi til að jarðsetja hana í sérstökum grafreit í „gamla kirkjugarðinum“ eins og Hallgrímur Sveinsson dómkirkjuprestur mun hafa ritað í kirkjubókina. Þar var dóttirin síðan grafin hjá henni 25. janúar 1883 „í privatgrafreit hjá apótekinu“ eins og skráð er í kirkjubókina. Þessi reitur var sem sagt í garðinum að baki húsi lyfsalans, gamla apótekinu við Thorvaldsensstræti, en sá garður var að hluta innan marka hin forna grafreits. Var leiðið umlukið vönduðu grindverki úr steypujárni. Var litið svo á, að þarna væri sérstakur heimagrafreitur. Prófastar töldu það því skyldu sína að líta eftir þessu leiði, er þeir vísiteruðu Reykjavíkursókn. Grindverkið er nú geymt á lofti Dómkirkjunnar.

Fyrsta viðbótin við nýja kirkjugarðinn vígð 1869

Ekki liðu nema þrír áratugir, áður en þörfin kallaði á stærri garð. Íbúum Reykjavíkur hafði þá enda fjölgað úr rúmum 800 í um 2.000. Reykjavíkurbær átti landið sunnan garðsins út á Melana. Ákveðið var að stækka garðinn í þá áttina, og sumarið 1869 var mold ekið í um 65 m breiða spildu suður af grafreitnum. Stykkið var girt af og framkvæmdunum, sem sjóður Dómkirkjunnar stóð straum af, var lokið í ágúst þetta ár. Garðurinn var vígður, um leið og fyrsta jarðsetningin fór fram 3. september 1869. Sr. Ólafur Pálsson dómkirkjuprestur jarðsöng þá tvö ung börn, Þórð Hansson fósturbarn á Nesi, eins árs, og andvana fæddan dreng frá Bygggarði. Ræða sr. Ólafs af þessu tilefni var gefin út á prenti árið eftir, *Kirkjugarðsvígsla í Reykjavík 3. september 1869* eftir Ólaf Pálsson. Útgefandi Einar Þórðarson prentari, Reykjavík 1870.

Deilur um kostnað af kirkjugarðinum Söfnuðurinn tekur hann að sér

Svo sem hér var frá greint í upphafi, var fyrst kosin sóknarnefnd í Reykjavík árið 1880. Fyrstu 10 árin eftir það koma kirkjugarðsmál ekki til kasta hennar. Hins vegar reyndu stjórnvöld þá fljótlega að fá söfnuðinn til að taka að sér eignarhald, umsjón og rekstur sjálfs kirkjuhússins, sem var þá í eigu landssjóðs. Því var hafnað sinn eftir sinn í áratugi, og gekk það mál ekki fram fyrr en 1940, er Dómkirkjuprestakallinu var skipt og nýir söfnuðir stofnaðir.

Fjármál kirkna höfðu lengi verið í föstum skorðum. Tekjur þeirra komu af tíundum, ljóstollum, legkaupi, jarðarafgjaldi, rekum og öðrum hlunnindum og í Reykjavík loks einnig af því, sem safnaðist í kirkjublokkina, samskotabauk við sáluhliðið vestan kirkjudyra.

Tíund var lögleidd á Íslandi árið 1096. Hún var eignarskattur, en gerður var munur á, hvort tíund var af jarðeign eða lausafé. Kirkjur fengu fjórðung tíundarskattsins. Ljóstollur var fyrst lögboðinn með Kristinrétti árið 1275. En frá 1782 var bónda skylt að greiða ljóstoll með 8 mörkum (1 mörk = hálf pund) tólgar eða 26 skildingum í reiðufé. Frá 1817 skyldu öll vinnuhjú og aðrir, sem greiddu eina alin í tíund, gjalda hálfan ljóstoll. Þessir fornu tekjustofnar kirkjunnar voru afnumdir með lögum 1909, en í stað þeirra komu safnaðargjöld.

Venjulegt legkaup var 54 skildingar, en fyrir barn var greitt hálf verð og aðeins 16 skildingar fyrir tugthúslimi. Þegar grafið var innan kirkju í Reykjavík, virðist legkaupið hafa hækkað um helming sem lágmark, en efnamenn greiddu oft miklu meira. Maddama Halldóra Sigurðardóttir, kona sr. Gísla Thorlacius rektors Hólavallarskóla, virðist hafa verið síðasta manneskjan, sem greftruð var innan kirkju í Reykjavík, áður en nýja kirkjan var tekin í notkun. Halldóra lést 12. maí 1795. Fyrir greftrun hennar í kirkjunni greiddi rektor tveggja ríkisdala virði í fiski. Reyndar er líklegt, að ungur sonur þeirra rektorshjóna, Sigurður, er lést 1798, árið sem kirkjan var rifin, hafi einnig náð að vera grafinn þar, því fyrir leg hans voru greiddir 69 skildingar.

Þótt yfirvöldum tækist ekki að koma kirkjunni á söfnuðinn, þá töldu þau sig hafa sterkari stöðu, hvað kirkjugarðinn varðaði. Á safnaðarfundi 1. júní 1890 var lagt fram bréf frá amtmani, en landshöfðingi hafði skrifað honum bréf, þar sem farið var fram á, að söfnuðurinn legði fram þá vinnu og það fé, sem útheimtist til að gjöra við kirkjugarðinn og annast alla aðgjörð og viðhald á kirkugarðinum framvegis. Sóknarnefndinni var falið að rannsaka þetta mál og koma fram með tillögu á fundi, sem halda skyldi svo fljótt sem auðið væri. Var nefndinni leyft að taka með sér tvo menn til rannsóknarinnar. Til þess voru fengnir þeir Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari við Latínuskólann og Þorlákur Guðmundsson alþingismaður í Hvammkoti, sem hann nefndi Fífuhvamm, í Kópavogi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að eigandi kirkjunnar ætti að greiða þennan kostnað eins og áður. Það hefði verið gert, er stofnað var til nýs garðs 1837 og eins, er þurfti að stækka hann 1866. Þá hefði verið veitt til garðsins 500 ríkisdöllum að uppástungu þáverandi stiftamtmanns, Hilmars Finsen, og af þeim varið rúmum 398 ríkisdöllum beint og einungis í trégirðingu austan garðsins og steingirðingu að sunnan og vestan. Í þessu sambandi hefði ekki verið gerð nein krafa til safnaðarins. Sóknarnefnd hefði engan sjóð til slíkra framkvæmda. Ef hún ætti að greiða þennan kostnað yrði að jafna honum niður á sóknarmenn, en til

Þess vantaði allar reglur.

Á safnaðarfundum 30. ágúst þessa árs lagði Hallgrímur Sveinsson biskup fram þrjár tillögur, sem gengu mislangt í þá átt, að söfnuðurinn tæki á sig kostnað vegna kirkjugarðsins, en þær voru allar felldar.

Hljótt var um mál þetta næstu tvö árin, en svo virðist sem stiftsfirvöldin hafi haldið að sér höndum með viðgerðir á kirkjugarðinum, því á sóknarnefndarfundum 14. júní 1892 er kvartað undan því, að grindin í hliði kirkjugarðsins sé þannig, að henni verði vart lokað. Var málinu vísað til amtsins. Það mun enn hafa þverskallast, enda fór kirkjugarðsgirðingin æ verr hin næstu ár, og sumir sóknarnefndarmanna höfðu það á orði að segja sig úr nefndinni, ef söfnuðurinn tæki ekki að sér að annast viðhald kirkjugarðsins og girðingar hans. Þannig varð æ meiri stuðningur við þetta mál innan sóknarnefndarinnar, en safnaðarfundirnir voru eindregið á móti þeim álögum, sem þessu mundu fylgja. Yfirvöld gengu æ fastar eftir því, að fyrirmælum þeirra yrði fylgt. Svo fór, að sóknarnefndin lét undan þrýstingi stjórnvalda og lét hefja viðgerðir á kirkjugarðinum veturinn 1894-1895. Áður hafði hún fengið leiðbeiningar um, hvernig háttað skyldi niðurrjöfnun kostnaðar af verkinu. Svo virðist sem í byrjun hafi menn fyrst og fremst reynt að gera við þær girðingar, sem fyrir voru, en æ sterkari óskir komu fram frá bæjarbúum um vandaðri og fallegri umgjörð grafreitsins. Árið 1895 kom fyrst fram ósk um, að farið yrði að huga að stækkun garðsins, þar sem hinn „gamli kirkjugarður“ væri nú útgrafinn. Var hún samþykkt. Árið 1898 var sú samþykkt ítrekuð og óskað eftir, að kirkjugarðsgirðingin yrði endurbætt á viðunanlegan hátt þegar á því ári.

Garðurinn stækkaður öðru sinni

Það er svo ljótt á Melunum

Fyrsti safnaðarfundur næsta árs 1899 var haldinn 24. janúar, og þar var kirkjugarðsmálið eitt á dagskrá. Skýrt var frá því, að sóknarnefndin hefði, að fyrirmælum stiftsfirvaldanna, fengið Einar Finnsson vegfræðing til að rannsaka jarðveginn á Melunum sunnan núverandi kirkjugarðs. Hefði hann komist að þeirri niðurstöðu, að á s.n. Glímuvelli (síðar Melavelli) fyndist um 100-120 ferfaðma svæði, þar sem mögulegt væri að grafa 3 álnir niður. Einar hefði gert áætlun um kostnað við að gera þetta land grafartækt, jafna það og hækka það um eina alin og myndi það kosta um 16.000 kr. Stiftsfirvöldin hefðu sent fyrirspurn til bæjarstjórnar, hvort land þetta væri fánlegt, en það væri enn óútkljáð. Fundarstjóri sagðist hafa heyrt ýmsar óánægjuraddir um þennan stað. Fundurinn væri haldinn til að fá úr því skorið, hvort söfnuðurinn gæti hugsað sér kirkjugarð suður á Melum. Dr. J. Jónassen landlæknir kvaddi sér hljóðs fyrstur manna og taldi Melana óhafandi fyrir grafreit. Jarðvegur væri svo slæmur og á flestum árstíðum svo blautur, að grafir myndu fyllast af vatni. Persónulega fannst honum staðurinn alveg óhafandi vegna þess hve ljótt þar væri. Mótmælti hann því kröftuglega, að grafreiturnar yrðu hafður á Melunum.

Melshúsin eru betri kostur

Aðrir, sem til máls tóku, voru sama sinnis. Töldu þeir, að Melshúsalóðin, norðan þáverandi kirkjugarðs, væri besti kostur, sem völ væri á, og síst dýrari en Melarnir. Á fundinum, sem haldinn var í leikhúsi W. Ó. Breiðfjörðs (Fjalakettinum), voru um 300 manns og samþykktu einum rómi að hafna Melunum sem hugsanlegum grafreit og skoruðu á stiftsfirvöldin að finna hentugri stað. Melshúsalóðin var ekki nefnd í tillögunni, en öll umræða fundarmanna stefndi þó í þá áttina. Árið 1901 segja fundargerðir, að lóð hafi verið keypt til stækkunar á kirkjugarðinum. Þess er ekki getið hve stór hún var. Hún hefur verið norðan garðsins, tengd Melshúsum og greidd af landssjóði að tilhlutan stiftsfirvaldanna. Talið var, að þessi nýja viðbót myndi ekki duga nema í þrjú ár. Melshúsin sjálf voru svo keypt 1903.

Girðingamál

Meðfram austurhlið kirkjugarðsins, þeirri er liggur að Suðurgötu, var upphaflega trégirðing, en hinar þrjár voru varðar af grjótgörðum. Þá var enn svo mikið um skepnuhald í bænum, að nauðsynlegt var, að girðingar þessar væru gripheldar. Þær munu hins vegar, eins og önnur mannanna verk, hafa látið undan tímans tönn og margs konar áníðslu. Þær hafa því stundum hvorki verið gripheldar né það auginandi, sem flestir vilja gjarnan sjá í umgjörð legstaða ástvina sinna. Því dundu áskanir sífellt á sóknarnefndinni, þegar ástand garðsins var lélegt. En fjárráð voru lítil og mönnum ekki ljóst, með hvaða efni væri best að girða. Menn komust þó að þeirri niðurstöðu 1902, að rétt væri að endurhlaða suður- og vesturhliðar garðsins úr því grjóti, sem þar væri fyrir, að viðbættu grjóti úr norðurhliðinni, þar sem stækka átti garðinn. Norðurhliðin skyldi vera úr timbri, því sem nýtilegt væri úr austurhliðinni, en þar var lagt til að kæmi girðing úr tréstaurom og langböndum, sem járnplötur væru negldar á, og var fyrirmyndin sótt til girðingarinnar við Miðbæjarskólann. Ekki var þó fallist á hið síðastnefnda. Þar vildu menn fá varanlega girðingu og helst hlaðna úr tilhöggnu grjóti. Þetta mál þvældist mjög fyrir mönnum og fór fund af fundi. Endanleg afgreiðsla fór fram á allfjölmennum safnaðarfundum 12. febrúar 1903. Var þar samþykkt að taka tilboði frá Stefáni Egilssyni (föður Sigvalda Kaldalóns tónskálds og Eggerts Stefánssonar söngvara) og 7 öðrum steinsmiðum um garð úr kloffnu grjóti afsettu og fúguðu, fínþussaðan og skorinn út á framhlið, með góðri brún (gesims). Skyldi garðurinn vera tvær og hálf alin á hæð og með skábríkum til stuðnings að innan á 15 álna bili. Greiddar skyldu kr. 31.50 fyrir faðminn. Knud Zimsen „mannvirkjafræðingur“ bauð að byggja fimm feta háan garð úr járnþentri steinsteypu fyrir kr. 30.00 á faðminn, en því var hafnað. Hann var hins vegar ráðinn eftirlitsmaður með verkinu. Þegar til framkvæmda kom, krafðist bygginganefnd Reykjavíkur þess, að milli götunnar og garðsins yrði gerð

steinlögð renna. Steinsmiðirnir tóku það verk að sér einnig. Garðurinn var nú færður til austurs um eina alin til þess að fá rúm fyrir göngustíg innan girðingarinnar. Verktökum var leyft að taka grjót úr suðurhlið garðsins gegn því að setja þar í staðinn trégrindur úr austurhliðinni og múra eitt lag í jörð af hinum nýja steinvegg. Á sóknarnefndarfundi 18. september 1903 lýsti Knud Zimsen því yfir, að verkinu væri lokið og hann hefði þegar tekið það út. Það hafði kostað kr. 3.578.72. Þar við bættist svo þóknun hans, kr. 100. Ákveðið var að hafa járngrindur í hliðum garðsins. Þess var óskað, að bæjarstjórn kostaði rennuna til hálf, þar sem hún væri utangarðs, en lán yrði tekið í Landsbankanum til að greiða fyrir verkið. Kostnaði yrði síðan jafnað niður á gjaldendur í sókninni. Kristján Ó. Þorgrímsson kaupmaður og sóknarnefndarmaður tók að sér innheimtu gegn 2% þóknun, sem síðan var hækkuð í 5% vegna erfiðleika á innheimtunni.

Með þessari framkvæmd voru Reykvíkingar búnir að gera afar vel við þessa hlið garðsins. Hún setti mikinn svip á staðinn og var í raun mikil prýði að henni, þar sem hún blasti við aðalbyggðinni. Jafnframt var með myndarlegum hætti mörkuð framtíðarstefna í þessum málum, enda var garðurinn allur girtur með líkum hætti svo sem sjá má í dag.

Fríkirkjan og Fransmenn koma til sögu

Á þessum tíma var Dómkirkjusöfnuðurinn ekki orðinn einn um notkun garðsins. Árið 1899 hafði Fríkirkjusöfnuðurinn verið stofnaður og hlaut einnig að nota garðinn. Fulltrúar hans voru því boðaðir til safnaðarfundar, sem haldinn var 6. maí 1902, þ.e. þess hluta hans, sem fjallaði um kirkjugarðsmálið, og mætti þá fríkirkjupresturinn sr. Lárus Halldórsson.

Þá var að sjálfsögðu einnig nokkuð um, að menn af erlendum skipum, annaðhvort sjódrukknaðir eða sótt dauðir, þyrftu að fá leg í vígðum reit í Reykjavík. Þar voru franskir sjómenn einna fjölmennastir, enda sóttu þeir mikið á Íslandsmið hér á árum áður. Franska stjórnin keypti árið 1868 geymsluhús, er stóð á austurhluta lóðarinnar að Austurstræti 12 og fékk jafnframt leyfi til að byggja annað hús á lóðinni vestanverðri. Var það ætlað til íbúðar frönskum skipbrotsmönnum. Þarna dvöldu franskir sjómenn iðulega meðan þeir biðu skipsferðar heim og voru húsin nefnd Frönsku húsin. Þau voru seld og flutt brott 1901. Um það leyti hafði verið stofnað í Frakklandi félag, er sinna skyldi því hlutverki að reisa og reka sjúkrahús á Íslandi fyrir franska fiskimenn á Íslandsmiðum. Það reisti spítala í Reykjavík 1903. Hann var nefndur Franski spítalinn og stendur enn við Lindargötu, hýsir nú Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Þeir Frakkar, sem leg hlutu í kirkjugarðinum við Suðurgötu, voru allir grafnir á sama svæði. Á sóknarnefndarfundi 13. júlí 1902 var borið fram bréf frá stiftsyfirvöldunum, sem óskuðu umsagnar sóknarnefndar og dómkirkjuprests á

erindi hins frakkneska konsúls í Reykjavík, þar sem hann fer þess á leit, fyrir hönd sjóliðsstjórnarinnar í Frakklandi, að fá til kaups eða leigu fyrir óákveðinn tíma, eða ef til kæmi fyrir mörg ár, reit þann í kirkjugarðinum, sem hingað til hefur verið hafður til að grafa í frakkneska sjómenn, sem hafa andast hér. Jafnframt var óskað eftir leyfi til að umgirða þennan reit og gjöra hann skipulegan. Var reitur þessi talinn vera 30-32 álnir frá austri til vesturs og frá suðri til norðurs 16-18 álnir. Sókarnefndarmenn gengu á vettvang ásamt dómkirkjupresti. Virtist þeim hann að mestu leyti ferhyrndur og af tilgreindri stærð. Þó voru þar nokkur leiði innlendra að austanverðu við hlið hinna frakknesku til beggja enda. Gerð var svohljóðandi samþykkt: „Nefndin lítur svo á, að ekki sé heimild til, síst að hún hafi það, að veita eignarrétt til hins umrædda reits eða afsal, og geti það því ekki komið til greina. Og ekki heldur vill nefndin leggja til að selja þennan reit á leigu með sérstökum réttindum; hvorki fyrir lengri eða skemmri tíma. Þar á móti telur hún sanngjarnt og rétt að veita sjóliðsstjórninni frönsku leyfi til að umgirða leiði hinna frakknesku sjómanna eða þann reit sem þau taka yfir og laga hann og prýða eftir vild, þó þannig, að ekki sé hreyft við leiðum annarra, sem þar eru rétt hjá, og sé leyfi þetta bundið því skilyrði, að um þennan grafreit gildi sömu reglur, sem nú eru í gildi eða settar verða um grafreiti yfir höfuð, bæði einstakra manna og ætta, í þessum kirkjugarði. Þessu álitu sókarnefndarinnar var dómkirkjupresturinn samþykktur.“ Reitir Frakkanna mun svo hafa verið stækkaður árið 1922.

Lokaáfangi annarrar stækkunar garðsins

Á sókarnefndarfundi 2. febrúar 1904 las dómkirkjupresturinn upp bréf frá stiftsyfirvöldunum, dagsett 29. janúar, þar sem sókarnefndinni er gefið til kynna, að stiftsyfirvöldin óski eftir, að hún annist um kaup á lóð til viðbótar kirkjugarðinum samkvæmt fjárveitingu síðasta Alþingis í fjárlögum fyrir 1904-1905, en síðan skuli samningurinn lagður fyrir stiftsyfirvöldin til samþykkis. Lóð sú, sem um var að ræða, var partur af hinni svonefndu Melshúsalóð og af túni Þorláks Ó. Johnson. Í bréfinu var tekið fram, að eigi mætti kaupa fyrir meira fé en svo, að nægileg upphæð væri eftir til að gera lóðina að hæfilegu kirkjugarðsstæði. Þremur mönnum úr sókarnefndinni var falið að komast að stærð umræddra lóðaparta og með hverjum kjörum viðkomendur vildu selja þá.

Fundargerðabækur Dómkirkjunnar geta ekki um þetta mál aftur fyrr en 12. janúar 1905. Þá var búið að kaupa umrætt land og eins langt í norðurátt og hægt var. Því lá nú fyrir að gera girðingu austan, norðan og vestan við þessa viðbót. Ákveðið var að kalla söfnuðina báða til fundar um væntanlegar framkvæmdir. Sá fundur var haldinn 20. janúar. Þar skýrði Knud Zimsen frá því, að lóðin væri um 10.600 ferálnir og væri austurhliðin (meðfram Suðurgötu) 78 ^{1/2} alin,

norðurhliðin (meðfram Kirkjugarðsstíg) 135 ^{1/2} alin og vesturhliðin um 80 álnir. Fundurinn samþykkti tillögur sóknarnefndar um, að girt yrði meðfram Suðurgötu og Kirkjugarðsstíg á sama hátt og þegar hefði verið gert meðfram Suðurgötu, en að vestan yrði trégirðing til bráðabirgða. Samþykkt var skáskorið sáluhlið í norðausturhorn garðsins og tvö minni hlið. Stefán Egilsson tók þessa steingirðingu að sér eins og þá fyrri.

Bjarni Matthíasson hringjari við Dómkirkjuna var síðasti ábúandi og eigandi Melshúsa. Hann setti það munnlega skilyrði fyrir sölunni, að bær hans, steinhús, sem með þessum breytingum var kominn inn í miðjan kirkjugarðinn, yrði einnig keyptur af honum á kr. 2.500. Alþingi synjaði fyrst um fé til þeirra kaupa, en sumarið 1907 var samþykkt 2.000 kr. fjárveiting. Sóknarnefnd taldi sig þá skylda til að bæta við þeim 500 krónum sem á vantaði.

Bjarni flutti þá í hús það sem nú er á horni Kirkjugarðsstígs og Garðastrætis og bjó þar til æviloka. Annað hús var einnig innan marka garðsins, kennt við Pál Jónsson. Það var selt á uppboði 1907. Trúlega hefur hús Bjarna hringjara verið rífið 1908. Bæði bæjarstjórn og stiftsyfirvöld útveguðu nokkurt fé til lagfæringar á garðstæðinu.

Lög og reglugerð um kirkjugarða

Árið 1901 samþykkti Alþingi Íslendinga fyrstu sjálfstæðu löggjöf sína um málefni kirkjugarða. eru það Lög um kirkjugarða nr. 39, 8. nóvember 1901, birt í A-deild Stjórnartíðinda fyrir það ár. Í þeim lögum var gert ráð fyrir reglugjörð, er biskup skyldi semja, prestastefna samþykkja og landshöfðingi staðfesta. Reglugjörðin var birt í B-deild Stjórnartíðinda þess árs. Rétt þykir að hafa hér bæði lögin og reglugjörðina, sem fara því hér á eftir.

Nr. 39.

8.

nóvbr.

Lög

um

kirkjugarða og viðhald þeirra

1. gr.

Eiganda og umráðanda kirkju er skylt að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði eða grafreit, svo og hleðsluefni í girðingu, þó svo, að þær kvaðir, sem í þessu efni þegar liggja á jörðum eða lóðum, þar sem kirkjur standa, haldist óbreyttar.

2. gr.

Sóknarmönnum, sem gjalda til prests og kirkju, er skylt að koma upp fullnægjandi girðingu um kirkjugarð sinn með hliði og grind og halda henni við.

3. gr.

Þegar kirkjugarð þarf að byggja eða endurbyggja, skal prestur í samráði við

sóknarnefnd boða til almenns safnaðarfundar með nægum fyrirvara og taka fundarefni skýrt fram. Á þeim fundi skal ákveða fyrirkomulag girðingarinnar og úr hvaða efni hún skal vera. Ályktun sú, sem gerð er með 2/3 atkvæða þeirra sóknarmanna, sem á fundi eru, er bindandi bæði fyrir þá, sem eru í minni hluta, og eins þá, sem ekki hafa mætt á fundinum, þó því aðeins, að helmingur atkvæðisbærra manna hafi mætt. Nú mætir eigi helmingur og skal þá aftur boða til fundar á sama hátt, og gildir þá ályktun 2/3 þeirra atkvæðisbærra manna, er á fund koma, þó að eigi hafi mætt helmingur, enda hindri eigi farsótt eða ófært veður.

4. gr.

Sóknarnefndin skal að öllu leyti sjá um framkvæmd verksins. Skal hún, ef þörf er á, gera áætlun um það eða kostnaðinn við það, semja reikning yfir kostnaðinn að verkinu afloknu og jafna honum niður á sóknarmenn, þannig, að helmingurinn greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskyldan mann. - Niðurlagning þessi skal birt á kirkjufundi og lögð fram til sýnis á kirkjustaðnum í tvær vikur.

5. gr.

Nú vill einhver kæra niðurlagning sóknarnefndar og skal hann þá hafa gert það í síðasta lagi tveim vikum eftir, að niðurlagningin hefur verið birt við sóknarkirkjuna og lögð fram almenningi til sýnis. Sóknarnefnd er skyld að taka kæru til úrskurðar tveim vikum eftir, að hún hefur borizt henni í hendur. Vilji kærandi ekki hlíta úrskurði sóknarnefndar, getur hann með sama fresti frá birtingu úrskurðarins skotið máli sínu til hjeraðsfundar, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið. Skyldur er þó kærandi að greiða gjald það eða eða vinnu, sem lagt hefur verið á hann, gegn því að fá síðar endurgoldið það, sem hann eptir úrskurði kann að hafa of goldið. Eindagi á þessum gjöldum er mánuði eptir að niðurlagning hefur verið birt á kirkjustað, nema sóknarnefnd gefi lengri gjaldfrest.

Að því leyti, sem því verður við komið að ályktun sóknarnefndar, og eptir fyrirkomulagi girðingarinnar, mega þeir, sem þess óska, inna af hendi gjald sitt með vinnu, eptir ákvæði sóknarnefndar.

6. gr.

Ef sóknarmaður eigi greiðir tillag sitt til girðingarinnar á þeim tíma, sem sóknarnefnd ákveður, nje heldur vinnur af sjer gjaldið, má taka það lögtaki.

7. gr.

Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður, skal þá boða til almenns safnaðarfundar, svo sem fyrir er mælt í upphafi 3. greinar. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með 2/3 atkvæða atkvæðisbærra manna, ef samþykki prófests og biskups kemur til.

Ef enginn atkvæðisbærra sóknarmanna mótmælir, má þegar sljetta yfir niðurlagðan kirkjugarð og gera hann að grasreit, með umsjón sóknarnefndar eptir

ákvæðum 2. og 4. gr., en sóknarmenn skulu vinna verkið.

Nú mótmælir einhver atkvæðisbærra sóknarmanna og skal þá niðurlögðum kirkjugarði halda við með sómasamlegri, gripheldri girðingu að minnsta kosti í 15 ár, og lengur, ef það verður ákveðið með meiri hluta atkvæða á almennum safnaðarfundi, sem stofnað er til samkv. 3. gr. Á meðan niðurlögðum kirkjugarði er við haldið, má þar jarða einstaka menn, ef þess er óskað, svo framarlega sem rúm leyfir og klukka er þar til líkhringingar.

Að 15 árum liðnum frá því kirkjugarður var lagður niður og hætt að grafa þar almennt, eru sóknarmenn eigi lengur skyldir að halda girðingunni við, nema öðruvísi hafi verið ákveðið. Eru þá legsteinar og minnismerki í garðinum að öllu leyti í ábyrgð vandamanna hinna látnu; en heimilt er þeim að halda slíkum grafreitum óhöggðum, ef þeir viðhalda þar sæmilegri girðingu. Að öðru leyti skal sljetta yfir garðinn, svo sem fyr er sagt, og hann gerður að grasreit, sem fellur undir umráð kirkjuhaldara.

Niðurlagðan grafreit má ekki hafa til haugstæðis nje annarar slíkrar notkunar. Þar má eigi neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragreptri, skurðagjörð eða öðru slíku, fyr en liðin eru 50 ár frá því grafreiturnar var síðast notaður til líkgreptrunar.

Sjeu í niðurlögðum kirkjugarði merkilegir eða fornir legsteinar, en engir vandamenn hins látna á lífi, er annast um þá, skal hlutaðeigandi prestur þegar tilkynna það stiptsyfirvöldunum fyrir milligöngu prófasts. Leita stiptsyfirvöldin þá álits umsjónarmanns Forngripasafnsins og formanns Fornleifafjelagsins, og skal því næst svo með legsteinna þá fara, sem kirkjustjórnin mælir fyrir um. Þegar sljettað er yfir niðurlagðan kirkjugarð og þar eru legsteinar eða önnur minnismerki á legstöðum, sem eigi heyra undir ákvæði síðustu málsgreinar, en enginn leiðir sig að eða hirðir um, segir prófastur fyrir um, hvernig með skuli fara; en það skal vera meginregla, að fara sem hlífðarsamlegast með allt slíkt, og varðveita það fyrir skemmdum og eyðingu, svo sem unnt er.

8. gr.

Með reglugjörð, sem biskup semur, prestastefna (synodus) samþykkir og landshöfðingi staðfestir, skal nánar ákveðið um ýms atriði, sem snerta kirkjugarða, svo sem um friðhelgi þeirra, meðferð grafreita, tilhögun á greptri og fleira þess háttar.

9. gr.

Reglugjörð 17. júlí 1782 15. gr., að því leyti, sem hún snertir kirkjugarða, og viðaukalög 12. maí 1882 við lög 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, að svo miklu leyti þau ná til kirkjugarða, eru hjer með úr gildi numin.

Reglugjörð um kirkjugarða

Samkvæmt 8. gr. í lögum um kirkjugarða frá 8. nóvember 1901 er þessi reglugjörð sett.

1. grein.

Í hverri kirkjusókn skal vera vígður grafreitur eða kirkjugarður á hentugum stað við kirkjuna eða svo nálægt henni, sem við verður komið, til greftrunar sóknarmönnum og þeim mönnum öðrum, sem þar ber að jarða.

Sje grafreitur töluvert langt frá kirkju, skal þar vera líkhús, eða að minnsta kosti klukka sæmileg með umbúnaði til líkhringingar.

2. grein.

Grafreitur er friðhelgur, svo og legstaðir þeirra manna, sem þar eru jarðsettir. - Má þar engan hávaða gjöra, skemmtanir halda eða neitt það láta fram fara, sem raskar grafarfríðnum og er ótilhlýðilegt á slíkum friðhelgum stað.

3. grein.

Kirkjugarðar skulu vera vandlega umgirtir með hæfilegri girðingu, sem gripheld sje bæði sumar og vetur, og með umbúnaði í sáluhliði svo sem prófastur telur fullnægjandi. Þeir skulu vera svo reglulegir að lögun, sem við verður komið.

Umráðandi kirkjugarðs má slá hann, þó með varúð og hlífðarsemi, en alls eigi beita hann skepnum nje hleypa þeim þar inn á neinum tíma árs.

4. grein.

Þá er nýjan kirkjugarð þarf upp að taka eða auka við grafreit, skal fá vottorð hjeraðslæknis um, að ekki stafi sótt næmi af kirkjugarðinum, og leita því næst biskupssamþykkis og vígja grafreitinn um leið og lík er þar jarðað fyrsta sinn. En áður en farið er að nota hann, skal, ef við þarf, laga reitinn, sljetta hann eða hækka upp, svo að hann verði hæfur til greftrunar.

Að kirkjugarði skal liggja greiður vegur, braut eða sæmileg gangstjett, svo að tálmaust sje að færa lík þangað til greftrunar.

5. grein.

Grafir í nýjum kirkjugörðum og í gömlum, þar sem ástæður leyfa, skulu teknar í reglulegum röðum, með beinum og hæfilega breiðum gangstígum milli raðanna, svo að lík verði borin án þess að ganga yfir leiði eða skemma legstaði. Á milli grafanna skal eigi vera meira bil en nauðsyn krefur.

Gangstígar skulu eftir ákvæðum sóknarnefndar reglulega afmarkaðir þegar frá upphafi um allan grafreitinn, svo og nauðsynlegir þverstígar, til þess að gott skipulag geti orðið á legstöðunum og grafarstæðin verði notuð með hæfilegum sparnaði.

Enginn má gröf taka í kirkjugarði án leyfis kirkjuhaldara, og eigi annarsstaðar en þar, sem til er vísað af rjettum umráðanda. Sá er eigi vill hlýða hans ákvæði, má skjóta málinu undir úrskurð prests og sóknarnefndar; í Reykjavík til yfirkirkjuráðanda.

Ekkert lík má grafa innan kirkju.

Líkkistur má alls ekki brjóta.

6. grein.

Nú æskir einhver að fá útmældan grafreit til legstaða handa sér og ættmönnum sínum, og skal það heimilt látið, að svo miklu leyti sem sóknarnefnd þykir ástæður leyfa. Má krefjast þess, að hlutaðeigandi girði þegar reitinn tilhlýðilega og haldi girðingunni við. Skal legstaðareigandi fá hjá kirkjuhaldara löglegt heimildarskjal fyrir legstaðnum, en kirkjustólnum skal fylgja skrá yfir útmælda legstaði.

Áskilja má árlega þóknun í sjóð kirkjunnar fyrir að hafa útmældan og umgirtan grafreit. Þar með talið að setja legsteina eða önnur varanleg minnismarki á leiði, eftir nánara ákvæði biskups í hverju einstöku tilfelli.

7. grein.

Yfir hvern nýjan kirkjugarð eða viðbót við kirkjugarð skal, ef sóknarmenn eru 1000 að tölu eða fleiri, gjöra einfaldan uppdrátt, með ámörkuðum aðalgangstígum og öðrum stígum. Skal uppdrátturinn límdur á spjald eða ljereft og vera í vörzlu kirkjuhaldara og heyra kirkjunni til. Jafnótt og grafið er, skulu leiðin mörkuð á uppdráttinn og tölusett, með tilgreindu nafni hins jarðaða og greftrunardegi á legstaðaskrá, sem fylgir uppdrættinum. Mælikvarði uppdráttarins sje eigi minni en svo, að hálfur þumlungur svari til hvers faðms í kirkjugarðinum.

8. grein.

Grafir skulu vera svo djúpar, ef við verður komið sökum landslags, að fullar tvær álnir sjeu frá yfirborði kistunnar upp á barm grafarinnar. Verði eigi grafið svo djúpt, skal leiðið hlaðið upp sem því svarar, er til vantar, nema leyfi hjeradslæknis komi til að því megi sleppa.

Skyldur er sá, sem gröf lætur taka, til þess að ganga hreinlega frá legstaðnum og færa burtu grjótt og annað, sem komið kann að hafa upp úr gröfinni, sje það eigi látið ofan í hana aftur. Nú er það vanrækt og kirkjuhaldari hefir tvívegis árangurslaust vandað um við hlutaðeiganda, og er honum þá rjett að láta laga það sem með þarf á kostnað hans, og má taka gjaldið lögtaki hálfum mánuði eftir að þess hefir verið reglulega krafizt.

9. grein.

Til notkunar við greftranir skulu í hverjum kirkjugarði vera til graftól, á kostnað kirkjunnar, eftir þörfum, svo sem skóflur, járkarl eða klakahögg, grafarstigi, prestaspaði og bönd til að hleypa kistunni niður með.

10. grein.

Kirkjuhaldara er skylt að halda kirkjugarðinum yfir höfuð hreinlegum og þokkalegum, en um hina einstöku legstaði og leiði ber hlutaðeigendum að hirða sómasamlega undir umsjón hans.

Kirkjuhaldari skal sjá um, að vel sje farið með legstaði framliðinna og minningarmörk þau, sem þar eru sett, svo sem legsteina, grindur, blóm og runna, sem þar eru gróðursettir legstöðunum til prýðis, og má ekkert slíkt burtu taka eða úr stað færa móti vilja rjettra hlutaðeigenda, svo lengi sem því er sæmilega viðhaldið. En vanræki hlutaðeigendur það, og sjeu nefnd mannvirki mikið brotin eða fúin, og sje ei úr bætt, þegar aðvart er gjört um það, er heimilt að flytja þau burt úr garðinum og selja kirkjunni til hagnaðar, svo framarlega sem enginn leiðir sig að þeim á hæfilegum fresti.

Með merkilega og forna legsteina, sem liggja undir skemmdum af einhverjum orsökum, en enginn hirðir um, skal svo fara sem segir í lögum um kirkjugarða frá 8. nóvember 1901, 7. gr.

Að hafa legsteina í gangstjettir, veggjarhleðslu eða til annarar þess háttar notkunar er með öllu bannað.

11. grein.

Prófastar skulu á kirkjuskodunarferðum sínum og við önnur tækifæri líta eftir því, að kirkjugarðar sjeu tilhlýðilega umgirtir og vel hirtir og að rækilega sje farið eftir ákvæðum laganna um kirkjugarða frá 8. nóvember 1901 og reglugjörðar þessarar.

Reglugjörðin þannig samin af undirskrifuðum biskupi og samþykkt af synodus 28. júní 1902.

Íslands biskupsdæmi, Reykjavík 12. júlí 1902.

Hallgr. Sveinsson.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 39 frá 8. nóvember 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, er framanrituð reglugjörð hjer með staðfest.

Reykjavík, 16. ágúst 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Árin 1908 - 1917

Elsti hluti kirkjugarðsins ber því vitni, að ný kirkjugarðamenning hefur ekki verið búin að vinna sér öruggan sess, meðan þar var grafið. Menn héldu áfram að grafa þröngt, reyna allt sem hægt var til að ástvinir og skyldmenni fengju leg sem næst hver öðrum. Því vildi skipulag riðlast. Þeir, sem kynnst höfðu betra skipulagi og meiri snyrtimennsku erlendis, munu hafa fagnað því, þegar lög voru sett um kirkjugarða og ekki síður, er reglugerð kom samkvæmt þeim lögum. Þess vegna ber D. Thomsen kaupmaður fram tillögu um það á safnaðarfundi 1906, að allt verði gert sem hægt er til að 5., 6. og 7. grein Reglugjörðar um kirkjugarða komi

til framkvæmda sem fyrst.

Á sóknarnefndarfundi 3. febrúar 1908 var og samþykkt að fela Knud Zimsen að gjöra uppdrátt af kirkjugarðinum, svo nákvæman sem unnt er, og greiða fyrir allt að 300 krónum.

Fjármál kirkjugarðanna voru nokkurn tíma að komast í eðlilegt horf. Samkvæmt lögum frá 1886 var utanþjóðkirkjusöfnum heimilt að nota grafreiti þjóðkirkjusafnaða gegn því að gjalda legkaup og taka þátt í kostnaði vegna viðhalds og stækkunar garðanna. Lög árið 1909 um almenn sóknargjöld, þar sem legkaup var lagt niður en kostnaður við kirkjugarða var greiddur úr sjóði sóknarkirkjunnar, voru ekki talin breyta þessu. Litið var á þetta sem samning, er aðilar gætu gert á annan veg, ef þeir vildu. Eins gætu utanþjóðkirkjusöfnuðir komið sér upp sínum eigin grafreitum, teldu þeir það æskilegra. Hér í Reykjavík var það fyrirkomulag haft, að fríkirkjumenn voru látnir greiða legkaup.

Í upphafi árs 1911 benti Þórhallur biskup Bjarnarson sóknarnefnd Dómkirkjunnar á þörf kirkjugarðanna fyrir sérstakar, fastar tekjur og lagði til að legkaup yrði tekið upp að nýju. Sóknarnefndin flutti um þetta tillögu á safnaðarfundi 28. janúar, en hún var felld. Biskup sætti sig ekki við þá niðurstöðu, og 15. mars þetta ár skrifaði hann öllum sóknarnefndum landsins bréf um „girðing og hirðing kirkjugarða“. Það bréf var tekið fyrir á aðalsafnaðarfundi í Reykjavík 20. maí 1911. Biskup talaði þar fyrir málinu. Taldi hann afar nauðsynlegt, að kirkjugörðunum væru útvegaðar fastar og allríflegar tekjur, svo að girðing og hirðing gætu verið í viðunanlegu lagi. Þetta vildi hann gera með því 1) að taka sérstakt gjald fyrir grafreiti og 2) að taka legkaupið gamla upp aftur í einhverri mynd. Söfnuðurinn samþykkti þá að fela safnaðarfulltrúa sínum og prestum að fylgja því máli á héraðsfundi Kjalarnessprófastsdæmis, að kirkjugarðar fái fastan tekjustofn til viðhalds. Sami fundur samþykkti tillögu Sighvats Bjarnasonar bankastjóra um, að sóknarnefndin gerði sitt ytrasta til að framfylgja 6. gr. reglugerðar um kirkjugarða 12. júlí 1902.

Biskup vék svo að þessu máli, gamansömum orðum, í Nýju kirkjublaði 15. júní 1911. Þar segir hann:

„Til bragðbætis hafði sóknarnefndin boðið upp á erindi hjá biskupi um kirkjugarða. Var það bæði alment, sem þetta blað hefir áður flutt, og svo gamla ádrepan um kirkjugarðinn herna í höfuðstaðnum. Ekki kunni ræðumaður frá þeim nytjum kirkjugarðsins að segja, að hafður væri til fiskverkunar. En núna, fyrsta þurkdaginn sem kom, varð honum gengið með garðinum vestanverðum, og taldi þar 98 grásleppur um endilangan grjótgarðinn.“

Sr. Bjarni Jónsson greindi frá því á safnaðarfundi 8. desember 1912, að héraðsfundur hefði einróma mælt með tillögu biskups. Þar var ennfremur rætt um nauðsyn betri girðingar, einkum á suðurhlið garðsins. Um leið var rætt um þörf á nýju kirkjugarðsstæði. Hvort tveggja var samþykkt, sem og það að undirbúa afhendingu kirkjugarðsins til bæjarstjórnar. Loks hreyfði Bjarni Matthíasson, hringjari og umsjónarmaður garðsins, því máli, að nauðsynlegt væri að hafa vatnshana í kirkjugarðinum. Vatnsveita Reykjavíkur var þá komin með leiðslur í flest úthverfi bæjarins. Var samþykkt að biðja bæjarstjórn um frosttryggan

vatnshana, er staðsettur yrði í útnorðurhorni garðsins, þar sem til hans sæist úr húsi Bjarna hringjara. Er bæjarstjórn var sent bréf þessa efnis, voru rökin þau fyrir beiðninni um, að bæjarsjóður greiddi fyrir vatnslögn og kranann, að dómkirkjusöfnuðurinn notaði garðinn ekki einn, heldur bæjarbúar allir. Jákvætt svar við þessu barst brátt frá borgarstjóra.

Árið 1913 gerðist lítið í kirkjugarðsmálum annað en það, að stjórnarráðinu var skrifað eitt bréf, þar sem ítrekuð var málaleitan safnaðarins viðvíkjandi kirkjugarðinum. Það sem vakti mesta athygli þeirra, er önnuðust kirkjugarðinn eða þurftu að ganga um hann þetta árið, var að á svonefnt Nýjatún, er lá vestan garðsins og áfast við hann, hafði verið borinn „salernissaur“. Lagði megnan ódaun af áburði þessum, einkanlega þegar vindur stóð af túninu og yfir garðinn. Skiljanlega brugðust menn hart við þessu. Knud Zimsen oddviti sóknarnefndar skrifaði bæjarfógeta bréf. Hann vitnaði til heilbrigðissamþykktar bæjarins, þar sem bannað er að bera nokkurn þann áburð, sem óþef leggur af, á tún, sem liggja að almannaferi, og er því hjer framið brot á henni, en sóknarnefndin telur sjer skylt að vernda rjett þeirra mörgu í söfnuðinum, sem erindi eiga í kirkjugarðinn og hefur því á fundi sínum í dag falið mér að kæra fyrir yður, herra bæjarfógeti, áminnst brot á 10. gr. heilbrigðissamþykktarinnar og krefjast þess, að komið verði fram ábyrgð á hendur hinum brotlega, að bannað verði að bera meira af slíkum áburði á túnið og að rakað verði þegar af túninu þeim áburði, sem búíð er að bera á það og afraksturinn fluttur burtu. Leyfir sóknarnefndin sjer að vænta skjótra framkvæmda yðar í þessu máli.“

Nýjatún var annars merkur staður. Þar mun fyrst hafa verið borinn plógur í jörð í landi Reykjavíkurkaupstaðar. Var það árið 1852, er þeir Egill Jónsson bókbindari, Suðurgötu 8, og Torfi Steinsson söðlasmiður, Aðalstræti 14, hófu ræktun á þessum slóðum. Túnið náði brátt vestur undir Hofsvallagötu. Á því er nú byggðarhverfið, sem nefnt er Sólvellir eftir húsinu að Sólvallagötu 12. Jónatan Þorsteinsson byggði húsið árið 1919 og gaf því þetta nafn. Þar er nú Hússtjórnarskóli Reykjavíkur. (Heimild: Páll Líndal, 1989: Reykjavík, sögustaður við Sund 4, 230).

Þriðja stækkun garðsins Legkaup tekið upp að nýju

Á aðalsafnaðarfundi árið 1914 var enn skorað á landsstjórnina að sjá söfnuðinum fyrir nýjum grafreit eða að stækka þáverandi garð. Frumvarp þess efnis var lagt fyrir Alþingi, en dagaði uppi vegna þess hve seint það kom fram. Sóknarnefnd, sem áleit að garðurinn yrði útgraffinn á þessu ári, sá sig því tilneydda að óska eftir fjárveitingu á aukafjárlögum fyrir árin 1914 - 1915.

Á sama þingi kom fram frumvarp um að taka aftur upp legkaup, 2 kr. fyrir börn yngri en tveggja ára og 4 kr. fyrir þá, sem eldri eru. Málinu var frestað. En þegar lög voru sett, 3. nóvember 1915, um stækkun kirkjugarðsins í Reykjavík, þá var þetta legkaup lögfest þar.

Þegar hér var komið sögu, hafði aldrei verið gert nákvæmt kort af kirkjugarðinum. Ekki þótti ljóst, hver ætti að bera kostnað af þeirri nauðsynlegu framkvæmd. Því var Stjórnarráðinu skrifað 18. apríl 1915 og spurt, hvaðan sóknarnefndin eigi að taka það fé. Bent var á nauðsyn þess að gera slíkt kort meðan Bjarna Matthíassonar hringjara nyti við, því hann hefði í nærfellt fjórðung aldar haft umsjón með kirkjugarðinum. Stjórnarráðið taldi sig ekki hafa fé til að gera kortið, en vísaði sóknarnefndinni á þann möguleika að leita til alþingismanna kjördæmisins um stuðning við þetta mál á þingi.

Í fundargerðum sóknarnefndar 20. nóvember 1915 og 22. janúar 1916, þegar Alþingi hafði samþykkt lög um afhendingu á landi fyrir kirkjugarð í Reykjavík, kemur í ljós, að uppfyllingu hefur skort syðst í kirkjugarðinum og sá hluti hans því lítt verið notaður. Sóknarnefndin lagði áherslu á, að hið nýja land yrði áfast eldri garði og mælti með tveimur kostum. Annars vegar yrði tekinn hluti af áður nefndu Nýjatúni eða svæði suður af kirkjugarðinum, sem þá yrði að fylla upp ásamt syðsta hluta eldri garðsins. Var Stjórnarráðinu þá falið að ákveða, hvort gert yrði. En 8. nóvember var Stjórnarráðinu skrifað og þá var, að betur athuguðu máli, óskað eftir, að viðbótin við kirkjugarðinn yrði vestan við hann, þ.e. á Nýjatúni.

Mál þetta lenti í nokkrum „hrakningum“, og niðurstaða fékkst ekki fyrr en liðið var á þriðja ár frá lagasetningunni. Á meðan var enn reynt að fá peninga fyrir uppdrætti af garðinum, sem talið var að mundi kosta um 500 kr. Óvíst var talið um stuðning Alþingis og ákveðið að láta gera uppdráttinn, ef Fríkirkjumenn vildu vera með. Í árslok 1917 var samþykkt, að uppástungu Samúels Eggertssonar að kaupa hæla til að afmarka með reiti í kirkjugarðinum. Þótt það komi ekki fram í heimildum, hefur hann trúlega verið ráðinn um það leyti til að gera uppdráttinn að kirkjugarðinum.

Kirkjugarðurinn við Suðurgötu kominn í endanlega stærð

Ráðinn kirkjugarðsvörður

Árin 1918-1919 voru mikil framkvæmdaár í kirkjugarði Reykvíkinga. Garðurinn var stækkaður til núverandi myndar, girtur, og loks var ráðinn sérstakur kirkjugarðsvörður í fullt starf.

4. febrúar 1918 kom bréf frá Stjórnarráðinu um, að keypt hefði verið spilda úr Nýjatúni, 16.551 feralin. Einnig höfðu 1.386 fermetrar af Melshúsatúni, erfðafestulandi ekkjufrúar Ingibjargar Johnson kaupkonu, verið teknir eignarnámi. Fyrir Nýjatún voru greiddar 80 aurar á hverja feralin eða samtals 13.240 krónur. Seljendur voru A. J. Johnson bankaritari, dr. phil. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, Jón Ólafsson framkvæmdastjóri, Bjarnhéðinn Jónsson

járnsmiður, Hjalti Jónsson skipstjóri, Magnús Blöndahl kaupmaður, Loftur Loftsson kaupmaður og Bogi Ólafsson kennari. Fyrir Melshúsatúnið voru greiddar kr. 3.50 á hvern fermeter eða 4.851 króna fyrir spilduna alla.

Sóknarnefnd Dómkirkjunnar þótti þetta fagnaðartíðindi. En nefndarmenn vildu meira. Landið, sem nú var fengið, var allt vestan eldri hlutans. Nú vildi nefndin einnig fá viðbót að sunnanverðu við hið nýja stykki til þess að fylla upp í skarð, sem þar mundi ella verða, land, sem Reykjavíkurbær átti að stærstum hluta, en einnig Jón Torfason bóndi. Með þeim hætti væri hægt að girða í beina línu frá Skothúsvegi og vestur úr. Var rætt um þetta á fundi þegar 7. febrúar 1918. Þar var einnig tekið að ræða girðingu um hið nýja svæði. Ljóst var, að hún var mikið verk og kostnaðarsamt.

Söfnuðir Dómkirkjunnar og Fríkirkjunnar tóku höndum saman í þessu máli. Hófst nú mikil fundahrina, sem stóð fram á vor. Voru það ýmist sameiginlegir fundir forystumanna eða safnaðanna og mættu þrjú til fjögur hundruð manns, þegar flest var. Viðbótarlandið fékkst, svo og nauðsynleg lán. Ákvörðun var tekin um, að hin nýja girðing skyldi gerð með sama hætti og sú sem komin var um eldri hluta garðsins. Verkið var boðið út, en öllum tilboðum hafnað. Guðjón Gamalíelsson múrari var ráðinn til að stjórna byggingu garðsins í tímavinnu. Það hafði áður verið gert að skilyrði, að girðingin skyldi látin skapa eins mikla vinnu og unnt væri fyrir verkamenn bæjarins. Því átti ekki að kaupa af Landssjóði grjót, sem unnið hafði verið í svo kallaðri „dýrtíðarvinnu“ þá um veturinn. Verklýsing var þessi:

„Grafíð skal 1,25 m niður eða niður á fasta undirstöðu. Þá lagðir 0,6 m steinar 0,32 x 0,32 metra, þversum. Þar á hlaðið 0,32 x 0,32 m steinar 4 lög, eitt lag upp úr jörðu. Þá stallur öðru megin og hlaðin 4 lög 0,23 x 0,32 m steinar, allt lagt í cement og undirbúið undir „púsningu“. Farið skal þó eftir mismunandi jarðlagi.“ Ákveðið var að setja járngrindur í öll hlið.

Þegar farið var að hreyfa við jarðvegi kom í ljós mikill jarðraki. Því þurfti að gera allmikil lokræsi í garðinn og veita vatninu út í göturæsi við Skothúsveg. Einnig vantaði víða nokkuð á jarðvegsdýpt. Þann kostnað, er af þessu hvoru tveggja leiddi, munu opinberir aðilar hafa greitt.

Samúel Eggertsson hafði enn ekki að fullu lokið við uppdrátt sinn af garðinum. Hann var nú beðinn að kortleggja hin nýju svæði einnig. Hann var jafnframt ráðinn umsjónarmaður garðsins til nýárs 1919. Fékk hann kr. 1,50 fyrir að vísa á grafstæði og mæla það út. Í miklum önnum eins og þegar spánska veikin gekk, fékk hann þar að auki greitt tímakaup samkvæmt reikningi.

Til að standa straum af þessum framkvæmdum var lagt á sérstakt kirkjugarðsgjald, 1 króna á hvern gjaldskyldan mann á því svæði, er notaði kirkjugarðinn.

Mönnum var ljóst, að þegar garðurinn var orðinn svona stór, þá kallaði hann á sérstakan kirkjugarðsvörð. Það var þá í annað sinn, sem þessi garður skóp

nýtt kirkjulegt starf hér á landi. Greinilegt var, að erindisbréf fyrir kirkjugarðsvörð var mikið vandaverk, enda ekki fordæmi fyrir slíku hér á landi. Formenn safnaðanna fengu því Svein Björnsson yfirdómslögmann og síðar forseta Íslands til að aðstoða sig við gerð bréfsins, sem síðan var sent Stjórnarráðinu til staðfestingar. Í bréfi, sem fylgdi til skýringar, er lögð áhersla á, að nauðsynlegt sé, að sérstakur maður sé til að mæla út og vísa á ný grafarstæði og hafi gott eftirlit með skipulagi í garðinum, svo ekki lendi í sömu óreglunni og verið hafi í gamla kirkjugarðinum (elsta hluta þessa garðs) engum hlutaðeigenda til ánægju.

Erindisbréfið var á þessa leið:

Erindisbréf

handa

kirkjugarðsverði í Reykjavík

Honum er ætlað allt eftirlit með kirkjugarðinum í Reykjavík undir yfirumsjón hlutaðeigandi stjórnarvalda, samkvæmt reglugjörð um kirkjugarða frá 16. ágúst 1902 og fyrirmælum þeim, sem hér verða talin.

- 1) Hann vísar á, hvar gröf skuli taka og mælir grafreiti í kirkjugarðinum, þegar um er beðið og hlutaðeigendur hafa fært sönnur fyrir, að þeir hafi greitt lögskipað legkaup. Má enga gröf taka í kirkjugarðinum, nema þar sem hann leyfir.
- 2) Grafarstæði skal talið reitur 2 til 2 $1/2$ metra langur og 80 centim.breiður; skal engri fjölskyldu mælt í einu lagi meira en 4 slíkir reitir, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi, og leyfi kirkjuhaldara komi til í hvert sinn. En jafnan ber hlutaðeiganda að borga þeim mun meira, sem útmældur grafreitur hans fer fram úr þeirri stærð, sem ákveðin er fyrir eitt legkaup. Sé þess óskað, að gröfin sé breiðari en 80 centim. ber að greiða þeim mun meira, t.d. hálf annað legkaup, sé gröfin 120 centim.
- 3) Sé gröf múruð eða legsteinn verði settur á gröfina, ber að greiða hæsta legkaup að lögum, 16 kr. fyrir hvert grafarstæði.
- 4) Kirkjugarðsvörður leyfir því aðeins, að grafhvelfing eða smálíkhús séu sett í garðinn, að kirkjuhaldari og sóknarnefnd hafi áður samþykkt uppdrátt að því, enda raski það engu skipulagi í garðinum.
- 5) Hann gætir þess vandlega, að grafir, leiði eða girðingar um grafreiti raski ekki góðu skipulagi í garðinum, og markar hvert leiði jafnóðum á uppdrátt kirkjugarðsins, sem honum verður falinn að varðveita, en markar hvert nýtt leiði og grafreiti mánaðarlega á þann uppdrátt, sem verður í vörslu kirkjuhaldara. Ennfremur tölusetur hann leiðin á legstaðaskrána, sem fylgir uppdrætti hans, og tilgreinir þar nafn og greffrunardag hins jarðaða.
- 6) Þegar leiði eru hlaðin upp eða gengið frá múruðum gröfum, ber honum að hafa eftirlit með því, að ekkert grjót, mold eða rusl sé skilið eftir við leiðin. Sé fyrirmælum hans ekki tafarlaust hlýtt í þeim efnum, ber honum að skýra kirkjuhaldara frá því og fer hann þá með málið samkvæmt 8. gr. í reglugjörð um kirkjugarða frá 1902.
- 7) Honum ber að banna fólki, sem hreinsar afgirta grafreiti sína, að kasta ruslinu innan garðs, og sé það ekki tekið til greina, ber honum að gera viðkomendum reikning fyrir burtflutningi ruslsins.
- 8) Hann sér um, að kirkjugarðurinn sé jafnan eins þrifalegur og kostur er á og lætur hreinsa allan

kirkjugarðinn í júnímánuði ár hvert. Vanræki nokkur að láta hlaða upp leiði, þegar moldin er nægilega sigin, lætur kirkjugarðsvörður hlaða það upp á kostnað viðkomenda.

- 9) Hann hefir umsjón með allri umferð um garðinn, minnir fólk á að loka hliðum garðsins og bannar börnum yngri en 12 ára alla umferð um garðinn, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ábyrgjast, að þau hvorki tíni blóm af leiðum, brjóti tré né skemmi neitt annað í garðinum.
- 10) Hann sér um hlið garðsins, að hurðir í stærri hliðunum séu jafnan lokaðar með lykli, nema við jarðarfarir eða þegar önnur brýn nauðsyn er á. Að hverju hliði eiga að vera tveir lykklar, annar hjá kirkjugarðsverði og hinn hjá kirkjuhaldara. Þurfi hliðin einhverra aðgerða við, tilkynnist það formanni sóknarnefndar, er sér þá um að viðgerð fari fram.
- 11) Hann hefir strangt eftirlit með því, að hvorki fé né stórgripir komist í garðinn.
- 12) Hann hefir eftirlit með líkhúsinu undir umsjón kirkjuhaldara og gætir þess, að grafftól og önnur tæki, sem kirkjugarðinum fylgja, séu ekki vanhirt, svo að þau tynist eða skemmist að óþörfu.
- 13) Fyrir eftirlitið með garðinum ber honum 600 kr. þóknun á ári, er greiðist 12 sinnum á ári með 50 kr. í hvert sinn, að hálfu af kirkjueiganda (Stjórnarráðinu), en að hálfu úr kirkjugarðssjóði, og allt að 100 kr. fyrir vorhreinsun garðsins, er kirkjueigandi greiðir. En auk þess ber honum 2 kr. borgun fyrir að vísa á og mæla út hvert grafarstæði, þó þannig, að þegar sami maður fær stærri blett útmældan í einu lagi, borgi hann kirkjugarðsverði sem svarar 1 kr. fyrir aðrar grafir reitsins en þá fyrstu. Heimilt er kirkjugarðsverði að taka þóknun eftir samkomulagi, sé honum falið sérstakt eftirlit og hreinsun umgirtra reita af viðkomanda og vitanlega ber honum full borgun eftir reikningi fyrir að láta hlaða upp leiði, þegar honum er það falið. Hann má og láta slá kirkjugarð og hirða heyið; en gera verður það með allri gætni.
- 14) Sé kirkjugarðsvörður fjarverandi úr bænum um tíma eða geti ekki sjálfur vísað á grafarstæði einhverra hluta vegna, ber honum að hafa hæfan mann sem sóknarnefnd samþykkir, til að vinna það verk og hafa eftirlit með garðinum fyrir hans hönd.
- 15) Aðrar leiðbeiningar viðvikjandi starfi þessu, frá sóknarnefnd eða prófasti, ber honum að taka til greina; en rísi ágreiningur um þau efni, sker biskup úr.
- 16) Sóknarnefnd Dómkirkjusafnaðarins veitir starf þetta í samráði við kirkjuhaldara. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir á báðar hliðar, nema sóknarnefnd og kirkjuhaldari séu alveg sammála um, að kirkjugarðsvörður vanræki algjörlega starfið, þá getur hún sagt honum upp fyrirvaralaust.

Felix Guðmundsson ráðinn kirkjugarðsvörður

Starf kirkjugarðsvarðar var auglýst, og er sóknarnefnd Dómkirkjunnar kom saman til fundar 9. ágúst 1919, kom í ljós, að tveir höfðu sótt um starfið, þeir Helgi Helgason líkkistusmiður og Samúel Eggertsson kennari og kortagerðarmaður. Nefndin taldi heppilegra að fresta veitingu starfsins og fól formanni að tala við tvo nafngreinda menn um, hvort annar þeirra vildi ekki taka að sjer starfið. Á næsta fundi, 27. ágúst er bókað: „Milli funda hafði borist umsókn um starfið frá Felix Guðmundssyni verkstjóra. Nefndin ákvað í einu hljóði að veita honum starfið, þar sem hinir umsækjendurnir settu skilyrði fyrir umsókn sinni og nefndin gat ekki uppfyllt.“

Felix Guðmundsson átti eftir að hafa mikil áhrif á starfrækslu og skipulag kirkjugarða hér á landi í meira en þrjá áratugi. Hann vann merkilegt brautryðjandastarf á þessu sviði. Því er rétt að gera nokkra grein fyrir honum.

Felix var fæddur 3. júlí 1884, sonur Guðmundar Felixsonar bónda á Ægissíðu í Holtum og konu hans Guðnýjar Jónsdóttur. Felix nam múraraiðn og stundaði þá iðn og einnig verkstjórn til 1919, er hann tók við kirkjugarðsvarðarstarfinu, sem hann gegndi til æviloka, 1. ágúst 1950. Frá 1935 var hann ráðunautur um framkvæmd laga um kirkjugarða. Hann átti um skeið sæti í niðurjöfnunarnefnd og byggingarnefnd í Reykjavík og var lengi í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Hann var einnig formaður KRON og átti sæti í framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands. Hann ritaði oft greinar í blöð, einkum um bindindismál.

(Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár V, 318).

Starf kirkjugarðsvarðar mótast árin 1919-1921

Þegar nýtt starf verður til í þjóðfélaginu, hlýtur að taka nokkurn tíma að móta það. Starf kirkjugarðsvarðar í Reykjavík var þar engin undantekning. Málin höfðu þróast þannig, að kominn var sérstakur kirkjugarðssjóður. Einn af sóknarnefndarmönnum Dómkirkjunnar, Pétur Halldórsson bóksali og síðar borgarstjóri, var gjaldkeri hans, en Bjarni Matthíasson hringjari hafði á hendi nokkra umsjón með grafartöku o.fl. Fríkirkjumenn áttu að sjálfsögðu hlut að sjóðnum, lögðu til annan endurskoðanda af tveimur og þeirra samþykkis var t.d. leitað, er Bjarna hringjara var afhent 500 kr. heiðursgjöf á 75 ára afmæli hans fyrir langa og dygga umsjón með garðinum.

Er Felix Guðmundsson hóf störf, komst hann brátt að því, að ekki var hægt að vinna þetta starf fyrir 600 króna árslaun, enda var hækkað við hann þegar á næsta ári, 1920, í kr. 1200. Það ár var einnig unnið að meiri uppfyllingu og hallamælingum í garðinum. Ennfremur var byggður þar bráðabirgðaskúr fyrir kirkjugarðsvörð og grafara. Kostaði hann 200 krónur.

Á fundi í ágúst þetta ár voru kirkjugarðsmál mjög til umræðu. Þar var ákveðið, að kirkjugarðsvörður skyldi hafa á hendi alla grafatöku í garðinum. Því var einnig beint til útfarastjóra bæjarins, að þeir sæju um, að starfsmenn þeirra væru sómasamlega klæddir við jarðarfarir, keyrslumenn helst í einkennisbúningi.

Á þessum sama fundi sýndi kirkjugarðsvörður drög að skipulagi hins nýja hluta garðsins. Var þar gert ráð fyrir líkhúsi í vestanverðum garðinum miðjum og opnu svæði um húsið á allar hliðar. Gerði þessi uppdráttur ráð fyrir nokkru rýmra plássi fyrir hverja gröf en upphaflega var gert í uppdrætti Samúels Eggertssonar. Geir G. Zoëga verkfræðingur og Guðjón Samúelsson byggingameistari höfðu gert þennan uppdrátt. Sóknarnefndin samþykkti að fara framvegis eftir honum í öllum aðalatriðum. Á þessu sumri hafði mold verið flutt í nokkurn hluta nýja garðsins og var sá hluti nú talinn mjög vel hæfur til greftrunar.

Þessum fundi lauk með tveimur samþykktum. Sú fyrri var bann við vinnu við leiði í garðinum á helgidögum. Hin síðari, samkvæmt ábendingu

kirkjugarðsvarðar, að úthluta engum fleiri en tveimur reitum í einu í garðinum nema sérstaklega standi á.

Undir lok ársins 1920 var samþykkt að hafa kirkjugarðinn lokaðan um nætur.

Felix Guðmundsson tilkynnti sóknarnefndinni, að hann hygðist sigla til Danmerkur seinni hluta vetrar til að kynna sér fyrirkomulag kirkjugarða þar. Jafnframt sagði hann sóknarnefndinni, að hann yrði, að ári liðnu, að fá hærri laun. Nefndin tók því líklega, að hún yrði við sanngjörnum kröfum hans.

Í mars á næsta ári samþykkti sóknarnefndin að veita Felix 1000 króna utanfararstyrk, fengi hann ekki fé til ferðarinnar frá Dansk-íslandsk Forbundsfond. Felix fór þessa kynnisför til Danmerkur og hélt síðan erindi á aðalsafnaðarfundi Dómkirkjunnar 12. júní 1921 um kirkjugarðsmál í Kaupmannahöfn og víðar á Sjálandi. Um það erindi er þetta bókað í fundargerð:

Felix Guðmundsson ... lýsti fyrir söfnuðinum, hversu vel kirkjugarðarnir væru prýddir og verndaðir bæði af stjórn garðanna sjálfra og öllum söfnuðum. Vítta hann harðlega, hvað langt við stæðum að baki Dönnum í þessum efnum og vonaði, að menn vildu almennt aðstoða sóknarnefndina og þá menn, sem um þetta mál fjalla, til þess að þetta yrði lagað sem allra fyrst og skýrði frá því, að prentaðar reglugjörðir yrðu festar (upp) víðsvegar um garðinn fyrir menn til að haga sjer eftir.“

Er Felix hafði lokið máli sínu, tók biskup landsins, dr. Jón Helgason, til máls. Samkvæmt fundargerð

„Þakkaði hann kirkjugarðsverði vel fyrir erindi hans og tók í sama streng um, hvað umgengni í kirkjugarðinum væri mikið ábótavant, og einnig taldi hann nauðsynlegt að spara sem mest kirkjugarðinn og taldi óheppilegt, hvað mikið rúm eyddist í garðinum við steinhús og múrgirðingar, sem að sínum dómi ekki prýddu garðinn heldur þvert á móti.“

Greinilegt er, að Felix Guðmundsson hefur lagt sig fram um að vinna starf sitt vel, hafa garðinn snyrtilegan, koma skipulagi og skráningu í rétt horf og gera kirkjugarð Reykvíkinga þannig, að til fyrirmyndar væri fyrir aðra. Hann lagði bækur sínar fyrir sóknarnefndarfundi á þessum árum og bað um stuðning til að reyna að afla upplýsinga um þau leiði, sem enn voru ómerkt. Þegar hann bað jafnframt um launahækkun vegna vaxandi dýrtíðar og aukinna starfa lagði sóknarnefndin honum lið, með því að biðja Stjórnarráðið um stuðning. Hún lagði einnig til, að honum yrði falin innheimta legkaups í Reykjavík. Enn lagði sóknarnefndin til við Stjórnarráðið, að Felix yrði falin ritun leiðbeininga í blað eða tímarit um fyrirkomulag kirkjugarða, sóknarnefndum til glöggvunar. Loks var lagt til, að Stjórnarráðið benti umsjónarmönnum kirkjugarða utan Reykjavíkur að snúa sér til hans með fyrirspurnir, eins og ýmsir þeirra hefðu þegar gert. Vonaðist sóknarnefndin til þess, að þetta mætti verða til þess að betra skipulag kæmist á í kirkjugörðum víða um land.

Eitt sinn sá sóknarnefndin þörf á að benda kirkjugarðsverði á, að honum

bæri bæði vegur og vandi af allri grafartöku, því væri óheimilt að lána öðrum graftól. Sú ábending var hluti af svari við bréfi frá Felix, þar sem hann játar að hafa ekki haft brjóst í sér til að víkja burt sjálfstætt starfandi grafara, án þess að geta vísað honum á annað starf. Sá hafi þó aldrei fylgt reglum um snyrtimennsku nema stuttan tíma í einu. En þar sem hann hafi nú sýnt ágætum samstarfsmanni mikið óréttlæti, hafi honum verið vísað burt og muni Felix sjálfur bera ábyrgð á allri grafartöku hér eftir. Um þetta leyti hækkaði legkaup mikið. Felix treysti sér þá illa til að innheimta það hjá bágstöddu fólki og kom innheimtunni til lögreglustjóra. En tilvísunargjaldið var þá eftir og vildi hann, að það yrði lagt niður, án þess þó, að hann tapaði við það í launum. Sóknarnefndin benti honum á að sameina það grafartökugjaldi, sem hann varð ætíð að innheimta. Sú innheimta yrði auðveld, þegar öll grafartaka væri komin á hans hendur.

Áratugurinn 1923-1932

Tímamótaár í kirkjugarðsmálum Reykvíkinga

Á þessum áratug var mikið rætt um að byggja jarðarfarakapellu og nýtt líkhús í garðinum, einnig aðstöðu fyrir kirkjugarðsvörð og grafara. Ennfremur var hafin umræða um nýtt kirkjugarðsstæði. Þegar það var fengið í Fossvogi, breyttust aðstæður mjög. Bygging kapellu og líkhúss var frestað, en allgott hús var reist yfir kirkjugarðsvörð og aðra starfsmenn garðsins. Mál þessi verða rakin hér á eftir.

Líkhús / kapella

Líkhúsið, sem reist var í kirkjugarðinum sumarið 1838 og tekið í notkun um það leyti, sem garðurinn var vígður, en það var 23. nóvember 1838, var teiknað og tilhöggvið í Danmörku. Það kom hingað með skipi í marslok 1838. Því fylgdi gömul skipsklukka. Engin frásögn er til af vígslu hússins. Það hefur trúlega verið talið helgað af fyrstu trúarathöfninni, sem þar var flutt. Það var í fyrstu notað, eins og nafnið bendir til, sem líkgeymsla og fyrir bænastundir við kistulagningar, öðru hvoru einnig fyrir fámennar jarðarfaraathafnir. Á þessum árum var algengast, að lík væru látin standa uppi í heimahúsum. En stundum var það ekki hægt, og þá kom sér vel að hafa þetta líkhús. Það var ekki síður, þegar um sjórekin lík var að ræða eða þegar mannskæðar farsóttir gengu yfir. Um tíma notuðu læknskólamenn það einnig fyrir krufningar. Loks var það ráð tekið, þegar Dómkirkjan var endurbyggð bæði 1847-1848 og 1879, að gera líkhúsið að guðspjónustustað Reykjavíkursóknar. Þar var sunnudagsguðspjónustan flutt, útfarir haldnar, börn fermd og hjón vígð. Þá munu einnig hafa farið fram einar þrjár prestsvígsluathafnir í Líkhúsinu. Vegna þessa voru altari, gráður, prédikunarstóll, bekkir og fleira flutt úr Dómkirkjunni í Líkhúsið 1847.

Prédikunarstóllinn var seinna seldur til Útskálakirkju, en ekki er vitað, hvað varð um annað, sem þarna var.

Erfitt reyndist að halda líkhúsinu við, enda hafa stiftsyfirvöld trúlega ekki verið örlát á málningu og aðra umönnun, er timburhús þarfnast með reglubundnum hætti. Því var það árið 1862, að Sverrir Runólfsson steinsmiður bauðst til að gera nýtt líkhús, hlaðið úr tilhöggnum steini, og sendi teikningu með tilboði sínu. En hann fékk engar undirtektir, enda voru ekki nema 24 ár síðan Líkhúsið var byggt.

Bækur sóknarnefndar geta Líkhússins ekki langa hríð og ekki fyrr en Felix Guðmundsson var kominn til starfa sem kirkjugarðsvörður. Þá hefur húsið verið farið að láta mjög á sjá, því í maí 1924 lagði Felix fram uppdrátt að „kapellu“ í nýja garðinum. Það mál fékk þó ekki meðbyr. Eigi að heldur tillaga hans að smáhýsi úr steini við vesturgirðingu nýja garðsins, svo að þar væri hægt að geyma bækur varðarins ásamt verkfærum og öðru. Seinna málinu var þó aðeins frestað, og í september var lagt fram tilboð að upphæð kr. 3.700 í skýlisbyggingu. Engin ákvörðun var tekin, en ákveðið að skoða þann kost að færa gamla Líkhúsið, hressa það upp og sameina þar lausn á þörfum kirkjugarðsvarðar og grafara. Ekki mun það hafa verið talið vænlegur kostur, því mánuði síðar var ákveðið að geyma 6 reiti vestan aðalgötu í miðjum nýja garðinum, ef kapella skyldi byggð.

Sigurbjörn Á. Gíslason, oddviti sóknarnefndar Dómkirkjunnar, skrifaði Stjórnarráðinu bréf 25. apríl 1925. Þar er lýst þeirri áætlun sóknarnefndar að bera undir safnaðarfund á vordögum, hvort söfnuðurinn vilji byggja nýtt líkhús í kirkjugarðinum, þar sem jarðarfarir geti farið fram, lík beðið greftrunar og herbergi séu ætluð kirkjugarðsverði og verkamönnum garðsins. Til að greiða fyrir málinu var hið háa Stjórnarráð beðið að fela húsameistara ríkisins að gera, söfnuðinum að kostnaðarlausu, uppdrátt og kostnaðaráætlun slíks líkhúss fyrir fund snemma í júnímánuði.

Guðmundur Hannesson prófessor, er átti sæti í skipulagsnefnd, og Guðjón Samúelsson húsameistari komu á fund með nefndinni 5. maí. Húsameistari kvað kapellu, er tæki 60-70 manns í sæti, mundu kosta um 25 þúsund krónur. Hann var þá beðinn að gera einnig áætlun um kostnað við að gera líkhús í gamla garðinum, sem nægt gæti meðan garðurinn er notaður.

Þetta er í fyrsta skipti, að rætt er um þetta sem tvær aðskildar byggingar. Svo virðist sem húsameistari og prófessor Guðmundur hafi opnað augu nefndarmanna fyrir því, að kirkjugarðurinn við Suðurgötu yrði ekki stækkaður meir. Finna verði nýtt kirkjugarðsstæði og þá sé auðvitað hentugast að hafa nýja kapellu þar. Það styður þessa hugmynd, að síðar í fundargerðinni segir: „Var rætt um málið fram og aftur og talað um, að sóknarnefnd og skipulagsnefnd athuguðu sameiginlega umhverfi bæjarins í þessu skyni.“

Á sóknarnefndarfundum 10 dögum síðar lágu þær upplýsingar fyrir frá húsameistara, að kapella fyrir 60-70 manns mundi kosta um 30 þúsund krónur.

Á sóknarnefndarfundum 3. júní var gamla sjónarmiðið þó enn ráðandi, og á aðalsafnaðarfundum 14. júní var samþykkt með 201 atkvæði gegn tveimur að fela sóknarnefndinni, í samvinnu við safnaðarstjórn Fríkirkjusafnaðarins, að reisa kapellu í kirkjugarðinum svo fljótt sem unnt væri. Nefndinni var veitt heimild til að taka nauðsynleg lán í þessu skyni.

Á sameiginlegum fundi presta og forsvarsmanna safnaðanna beggja, 19. júní 1924, var kosin fjögurra manna nefnd til að undirbúa og annast framkvæmdir, er báðir söfnuðirnir hafi samþykkt byggingu kapellunnar. Nefndina skipuðu Sigurbjörn Á. Gíslason og Pétur Halldórsson frá Dómkirkjunni en Árni Jónsson og Arinbjörn Sveinbjarnarson frá Fríkirkjunni. Ekkert finnst bókað um störf þessarar nefndar. En í febrúar 1926 fól sóknarnefnd Dómkirkjunnar oddvita sínum að ræða kapellumálið við forsætisráðherra.

Samkvæmt kirkjugarðslögum frá 1901 þurfti meirihlutasamþykki fyrir máli sem þessu. Það hefði aldrei náðst í Reykjavík, enda mundi ekkert húsnæði hafa fundist, er rúmaði slíkan mannfjölda. Næðist ekki meirihluti, þurfti annan fund. Því þurfti að samþykkja þetta mál á tveimur fundum hér í söfnuðum höfuðstaðarins, og samþykktin frá 14. júní 1925 var ítrekuð með 51 atkvæði gegn 7 á aðalsafnaðarfundum Dómkirkjunnar 31. maí 1926.

Í september 1926 lagði Guðjón Samúelsson frumdrætti að kapellu fyrir sóknarnefnd Dómkirkjunnar. Þeim Sigurbirni Á. Gíslasyni og Matthíasi Þórðarsyni fornminjaverði var falið að ræða um lítilvægar breytingar við húsameistarann, og á fund, er haldinn var 17. desember, komu nýjar teikningar, þar sem tillit hafði verið tekið til óska sóknarnefndar. Á sama fundi var ákveðið að fresta kapellumálum um sinn, meðan skoðuð yrði aðstaða á væntanlegum Landspítala. Var þeim Matthíasi Þórðarsyni og Pétri Halldórssyni falið það mál. Í janúar 1927 var ríkisstjórninni enn skrifað með beiðni um, að hraðað verði ákvörðun um staðsetningu nýs kirkjugarðs, þar eð hún mundi hafa áhrif á ákvörðun um byggingu líkhúss og kapellu.

Er hér var komið sögu voru Fríkirkjumenn orðnir afhuga þátttöku í kapellubyggingu. Því samþykkti sóknarnefnd að láta kanna, hvort ekki væri hægt að gera Líkhúsið nothæft með litlum tilkostnaði. Kirkjugarðsvörður benti á það með bréfi, að húsið væri ekki lengur hæft til að taka við sjóreknum líkum. Þetta var tilkynnt lögreglustjóra, sem var formaður heilbrigðisnefndar bæjarins, með ósk um, að nefndin fengi annan stað til líkgeymslu.

Árið eftir, eða 1928, lagði kirkjugarðsvörður til, að Líkhúsið yrði fjarlægð. Sóknarnefnd hafnaði því, en umræður héldu áfram um þetta hús, sem menn töldu vansæmd að. Loks var samþykkt af forystumönnum Dóm- og Fríkirkju, 18. október 1929, að æskja þess, að húsið yrði rífið. Málinu var beint til ráðherra, er

samþykkti fyrir sitt leyti 20. maí 1930, að Líkhúsið yrði rífið og klukknaport kæmi í staðinn. Teikning af því var tilbúin hálfum mánuði síðar.

Ekkert varð þó af þessu að sinni. Prestar Reykvíkinga vildu ekki missa húsið, heldur láta hressa upp á það. Þetta var gert þannig, að þar var hægt að halda helgiathafnir, svo sem á aldarafmæli kirkjugarðsins 1938, og svo flutti formaður sóknarnefndar, cand. theol. Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, þar guðræknisamkomur öðru hvoru. Þá var ákveðið, að nefna húsið bænhús. En það hrörnaði enn og æ meir. Þegar Nessöfnuður hóf messuhald 1941, var ástand hússins kannað, en það þótti þá ónothæft til messuhalds. Á fundi kirkjugarðsstjórnar 10. október var svo samþykkt að láta rífa þetta gamla hús. Sú samþykkt var framkvæmd veturinn eftir og þá reist klukknaport það, er enn stendur, og er teiknað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins.

Skýli fyrir graftól og grafartökumenn

Heimildir greina ekki frá neinum hirslum, hvað þá húsi, fyrir grafara og áhöld þeirra til að byrja með. Reykjavíkirkirkja átti þó ætíð graftól. Árið 1794 var þetta til: „Einn járnkarl stór, einn páll og lítill rekuspaði, samt sex rekur stórar.“ Járnkarl þessi virðist hafa fylgt kirkjunni frá árinu 1505, en mun nú glataður. Ekki mun graftólum hafa fækkað í áranna rás. Þau hafa hugsanlega verið geymd í kirkjunni og trúlega hjá hringjaranum, eftir að hann varð einnig grafari. Nefna má, að Bjarni hringjari bjó hið næsta garðinum.

Áður nefnd tillaga Felixar, árið 1924, að smáhýsi úr steini til að geyma bækur varðarins ásamt verkfærum og öðru, er hin fyrsta um varanlega lausn í þessum efnum. Þegar hún hlaut ekki byr, bað hann um það skömmu síðar að fá að taka á leigu herbergi í grennd við garðinn. Því var hafnað, en greinilegt er, að þörfin fyrir húsnaði hefur orðið æ brýnni. Með einhverjum ráðum hefur Felix getað fengið leyfi, sem þó er hvergi bókað, til að kaupa annan skúr til viðbótar þeim, sem keyptur var við upphaf starfs hans 1920. Þeir voru báðir seldir, er veglegra hús var reist.

Á næsta ári komu fram upplýsingar frá húsameistara um, að sameiginleg bygging fyrir líkhús og aðstöðu fyrir starfsmenn mundi kosta um 7 þúsund krónur, en áður nefnd kapella um 30 þúsund krónur.

Vegna óvissu um kirkjugarðsmál í framtíðinni var rætt um, á fundi sóknarnefndar 16. maí 1927, að byggja lítið en laglegt timburhús fyrir verkamenn og skrifstofu við vesturvegg garðsins. Ákveðið var að láta kanna kostnað við þetta, og 11 dögum síðar var tillöguuppdráttur að slíku húsi afhentur Steingrími Guðmundssyni húsasmíðameistara með beiðni um kostnaðaráætlun. Þann 17. júní lá kostnaðaráætlun hans fyrir, kr. 4.300, og samþykkt að bjóða smíð þess út. Ástæðan fyrir því, að byggt var úr timbri, var sú, að menn vildu geta flutt húsið, ef kapella yrði byggð eða flytja þyrfti húsið í nýjan garð. Tvö tilboð bárust í húsið.

Jón Hlíðberg og Ólafur Guðmundsson buðu kr. 5.600 og Emanúel Júlíus Bjarnason kr. 5.800. Samningur við þá Jón og Ólaf, ásamt verklýsingu, var undirritaður 16. júlí 1927 og skyldi húsbyggingunni lokið eigi síðar en 15. september það ár. Sóknarnefnd hélt svo fund í hinu nýbyggða húsi 10. október. Menn lýstu ánægju sinni með húsið, samþykktu að kaupa í það eldtraustan skáp og selja skúrana, sem notast hafði verið við.

Ýmis mál

Á fundi í maí 1924 var samþykkt að setja járngrindur í aðalhlíð á norðurvegg nýja garðsins og annað í suðausturhorni garðsins. Í ágúst voru svo samþykkt tilboð í smíði á grindum í þrjú stór hlið fyrir kr. 420 hvert og fyrir tvö minni á kr. 175-180 hvort, auk uppsetningar. Jafnframt var ákveðið að hlaða upp í hlið á vesturvegg garðsins.

Annað fundarefni var ósk kirkjugarðsvarðar um vatnsæð inn í garðinn að sunnaverðu. Var oddvita falið að fara þess á leit við bæinn, að æðin yrði lögð.

Árleg hreinsun garðsins varð æ meira mál. Sóknarnefndinni ofbauð að greiða Felix kr. 1.200 fyrir það verk sumarið 1931, svo að oddviti nefndarinnar, Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, bauðst til þess næsta sumar að taka verkið að sér fyrir kr. 700. Ekki tókst þó betur til en svo, að hann þurfti að fá 200 kr. í viðbót og þetta mál bar ekki á góma frammar.

Árið 1926 var rætt um stofnun „grafreitasjóðs“, þar sem menn ættu kost á að leggja inn fé til árlegs viðhalds grafreita vana eða vandamanna. Þeim Sigurbirni Á. Gíslasyni, Matthíasi Þórðarsyni og sr. Friðrik Hallgrímssyni var falið að athuga og undirbúa þetta mál. Sigurbjörn Ástvaldur skrifaði sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn 22. janúar 1927 og bað um lög og reglugerðir um kirkjugarða í Danmörku, ekki síst vegna væntanlegs grafreitasjóðs. Bækur sóknarnefndar segja ekki meira um þetta mál, en þetta atriði fór inn í ný lög um kirkjugarða, nr. 64, 23. júní 1932. Og 3. júní 1936 var lögð fram á sóknarnefndarfundum Söfnunarsjóðsbók með 500 kr. grafreitasjóði til að annast grafreit Lárusar H. Bjarnasonar hæstaréttardómara og móður hans. Var þetta sagður fyrsti grafreitasjóðurinn fyrir þennan kirkjugarð.

Að beiðni Matthíasar Ásgeirssonar garðyrkjumanns var samþykkt, vorið 1927, að hafa kirkjugarðinn opinn til kl. 23.30 í maí og júní.

Í janúar árið 1927 sá sóknarnefndin ástæðu til að mótmæla skipulagsuppdrætti miðbæjarins, þar sem gert var ráð fyrir, að byggt yrði í elsta kirkjugarðsstæði bæjarins. Minnt var á gremju bæjarbúa, er gerður var kjallari að geymsluhúsi bak við Lyfjabúðina við Vallarstræti. Aðalsafnaðarfundur 10. júní þetta ár tók undir áskorun sóknarnefndar.

Fjórar steinsteyptar „grafhvelvingar“, sem svo eru nefndar, hafa verið byggðar í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Þetta er erlendur siður, sem hefur reynst

illa hér. Sprungur vilja koma í steypuna. Vatn, sem þar kemst inn, frýs á vetrum og þannig fara þessi mannvirki illa. Ein „hvelfingin“ hefur þegar verið rifin. Hinar hafa látið mjög á sjá. Nú er bygging þeirra bönnuð með lögum.

Nýr kirkjugarður stofnaður í Fossvogi

Undirbúningur hafinn 1929

Eins og fram kemur í kaflanum um líkhús og kapellu hér að framan, virðist sem sú staðreynd, að kirkjugarðurinn við Suðurgötu yrði ekki stækkaður meir, hafi fyrst orðið mönnum ljós í maí 1925. Þá var rætt um málið fram og aftur og talað um, að sóknarnefnd og skipulagsnefnd athuguðu sameiginlega umhverfi bæjarins í þessu skyni.

Á sóknarnefndarfundi, 14. september 1926, var oddvita svo falið að skrifa ráðuneytinu og æskja þess, að sem fyrst verði hugað að því, hvar tekið skuli land undir nýjan kirkjugarð, en bent sérstaklega á Einarstaðatún við Skerjafjörð, vegna legu þess.

Í janúar 1927 var ríkisstjórninni enn skrifað með beiðni um, að hraðað verði ákvörðun um staðsetningu nýs kirkjugarðs. Málinu var enn hreyft í október og bent á, að garðurinn við Suðurgötu mundi ekki endast nema 2 - 3 ár. Í apríl 1928 var kirkjumálaráðherra beðinn að hraða málinu. Þá var bent á tvo góða kosti. Annar var fyrrnefnt Einarstaðaland, sem var í eigu Geirs Thorsteinsson kaupmanns og útgerðarmanns. Hinn var land Reykjavíkurbæjar í Fossvogi.

Forystumenn beggja stóru safnaðanna í bænum fóru saman vítt og breitt um bæinn, inn undir Elliðaár og yfir í Fossvog. Loks var ákveðið 13. febrúar 1929 að mæla með landinu í Fossvoginum. Land þar var reyndar svo blautt, að menn óttuðust mjög, að þurrkun þess mundi taka langan tíma, áður en hægt væri að grafa þar lík. Á sameiginlegum fundi sóknarnefndar Dómkirkjunnar og safnaðarstjórnar Fríkirkjunnar, 18. október 1929, var því skorað á kirkjumálastjórnina að gera tafarlaust ráðstafanir til þess að hið fyrirhugaða kirkjustæði verði gert nothæft til greftrunar, með því að gamli kirkjugarðurinn sé þegar nærri útgrafinn.

Eitthvað mun hafa verið byrjað á girðingu sumarið 1929, því á þessum sama fundi var þeim Matthíasi Þórðarsyni frá Dómkirkjunni og Sigurði Halldórssyni frá Fríkirkjunni falið að leita tilboða um að fullgera girðingu um garðinn og endurbæta þá girðingu sem þegar var komin. Skyldi því verki lokið í maí 1930. Tvö tilboð bárust. Ingvar Þorvarðarson bauð kr. 11.800 og Einar Kr. Guðmundsson kr. 13.700. Nefndirnar samþykktu á fundi 4. nóvember 1929 að taka því lægra.

Í upphafi árs var enn rekið á eftir yfirvöldum að hefjast handa. Þrengsli voru orðin svo mikil í garðinum við Suðurgötu, að samþykkt var að auglýsa, að

nú yrði farið að grafa í gömul leiði, sem ekki hefðu verið hirt. Hvort af því varð, er ekki ljóst, en 1931 var leyft að grafa í autt svæði að baki Líkhússins.

Kirkjugarðsverði var falið að sjá um, að gerður yrði nauðsynlegur uppdráttur af hinu nýja kirkjugarðssvæði. Í mars var vinna hafin við að undirbúa þrjú hektara lands í Fossvogi. Tillaga bæjarverkfræðings var samþykkt, að 30 m yrðu milli aðalskurðar og vegarins til Hafnarfjarðar, er þá lá þarna um. Þar með yrðu 70 m milli garðsins og vegarins.

Eitthvað hefur valdið því, að ekki var farið í girðinguna um kirkjugarðinn samkvæmt framangreindu tilboði. E.t.v. er því um að kenna, að framkvæmdum við sjálft garðstæðið var hætt og það hafði ekki heldur verið afhent söfnuðunum. En framkvæmdir hófust aftur síðla árs, og þá kom einnig krafa um að girðing yrði sett upp. Sóknarnefnd lýsti því þá yfir, að girt yrði svæði, sem nægði til næstu ára, og óskaði eftir formlegri afhendingu. Á safnaðarfundi í Dómkirkjunni 19. september 1930 var samþykkt að girða norðausturhluta garðsvæðisins um 160 m á kant. Skyldu norður- og austurhliðin, þær sem ekki var talið, að þyrfti að breyta síðar, girtar með vírneti á steinsteyptum stólpum, en hinar tvær með vírneti á tréstólpum. Þeim Matthíasi Þórðarsyni og Sigurði Halldórssyni var enn falin framkvæmd. Annar safnaðarfundur staðfesti ákvarðanir þessar 30. september.

Land afhent og teikningar samþykktar 1931

Erfiðlega gekk að fá formlega afhendingu á ákveðinni stærð lands. Það var ekki fyrr en 24. mars 1931, sem svar kom um, að ákveðið sé, að undirbúið verði kirkjugarðsstæði í Fossvogi er sé ca. 150 m á hvern veg. Þeir Matthías og Sigurður voru í þriðja sinn kjörnir til framkvæmda. Skyldu þeir annast kaup á girðingarefni og hliðum og sjá um útboð. Þeim var einnig falið að ræða við borgaryfirvöld um veg að garðinum og skipulag. Þrjú tilboð komu í að gera hlið að garðinum. Jón Sigurðsson bauð kr. 550, Páll Magnússon kr. 540 og Lúðvík Sigmundsson kr. 460. Því síðastnefnda var tekið gegn eftirliti Sigurðar Halldórssonar.

Á sameiginlegum fundi forystumanna Dómkirkju og Fríkirkju 5. ágúst 1931 voru lagðar fram teikningar af kirkjugarðinum nýja og girðingu um hann. Upplýst var, að þær hefðu þegar verið samþykktar af byggingarnefnd Reykjavíkur. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að ganga á vettvang viku síðar, sjá aðstæður allar með eigin augum og finna út, hvaða fyrirkomulag muni hentugast og hagkvæmast. Sömu aðilar héldu svo annan fund 20. ágúst. Þar var ákveðið, að stallar í hinum nýja garði skyldu vera tvær leiðislengdir á breidd og hliðið skyldi vera á garðinum norðanverðum, beint upp af kapellu, sem gert var ráð fyrir á uppdrætti af garðinum. Síðar var tilboði Sigmundar Þorsteinssonar múrarmeistara tekið um að steypa girðingarstólpana og sáluhliðin. Önnur

girðingarvinna skyldi unnin í tímavinnu.

Fimmtudaginn 12. maí 1932 fóru sóknarnefndarmenn á vettvang í Fossvogi, en héldu svo fund í húsi KFUM og K. Þar var bókað, að verið væri að leggja síðustu hönd á frágang kirkjugarðsins. Landið hefði verið tætt, herfað og sáð í það. Verið væri að ljúka vegagerð meðfram austur- og norðurgirðingu og ljúka við að „múrslétta“ girðingarstólpana. Ákveðið var að sækja um byggingarleyfi fyrir smáhýsi fyrir kirkjugarðsvörð og verkamenn í nýja kirkjugarðinum. Skyldi þar einnig komið fyrir klukkum til líkhringinga. Teikning af húsi þessu hafði þá verið lögð fyrir nefndina og var þess óskað, að húsið yrði sett niður, þar sem teikning garðsins gerði ráð fyrir kapellu. Enn var ákveðið að óska eftir tilboðum í gróðursetningu runna og blóma í reiti þá sem til þess eru ætlaðir í nýja garðinum.

Á næsta fundi, 24. maí, var þetta bókað um gróður í garðinum:

„Lögð fram tilboð um sölu á trjám og blómum til nýja kirkjugarðsins frá Jóh. Schröder fyrir kr. 2.900, frá Sig. Sigurðssyni búnmstj. fyrir 400 kr. auk áburðar, og tilboð í vinnu á verkinu frá Arngrími Kristjánssyni kennara fyrir kr. 157.50. Í þessu sambandi var lagt fram frumvarp til laga um kirkjugarða, sem náð hefur samþykki Alþingis, en þar er svo ákveðið, að skógræktarstjórn landsins skuli skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar (15. gr.). Verður þetta þó ekki komið til framkvæmda á þessu vori. Einar Helgason garðyrkjumaður var á fundinum, og mælti hann með því, að sáð yrði höfrum eða lúpínum í sumar í þau svæði, sem ætluð eru til trjá- og blómaræktar, en trjáplöntur þá settar niður í haust.

Var samþykkt að bera í þessi svæði í vor tilbúinn áburð og sá þar höfrum og úlfabaunum, en gera ráðstafanir til þess jafnframt, að sáð yrði þar trjáplöntum í haust. Var Matthíasi Þórðarsyni falin framkvæmd á þessu.“

Á sóknarnefndarfundi 24. júní 1932 var var ákveðið að byggja áðurnefnt skýli í garðinum samkvæmt þeirri teikningu, sem fyrir lá, en staðsetningu breytt. Skyldi húsið standa innan og neðan neðra hliðs girðingarinnar við Hafnarfjarðarveg.

Á fundi 14. júlí var gengið frá verklokasamningum vegna kirkjugarðsgirðingarinnar. Sigmundi Þorsteinssyni og Guðmundi Jónssyni voru greiddar kr. 700 fyrir það að koma girðingunni upp.

Vígsla Kirkjugarðsins í Fossvogi

Sóknarnefnd ákvað á fundi sínum 30. ágúst, að garðurinn skyldi vígður föstudaginn 2. september 1932 síðdegis, um leið og jarðsett yrðu lík Gunnars Hinrikssonar vefara og unglingspilts Ólafs Þorkelssonar, sem lést af slysförum fyrir nokkrum dögum. Tilkynnt var, að sóknarnefndarmenn myndu bera kistu Gunnars í kirkjugarðinn. Jafnframt var samþykkt að setja hæfilega minnisvarða á bæði leiðin á kostnað kirkjugarðsins.

Gunnar vefari var landsþekktur maður fyrir störf sín að vefnaði og mikla

kunnáttu í þeirri grein. Hann dó á Elliheimilinu Grund 87 ára. Ólafur var ungur drengur, sem beið bana í bílslysi við Þóroddstaði í norðanverðri Öskjuhlíð.

Það þótti táknrænt, að þarna voru öldungur og barn, fulltrúar elstu og yngstu kynslóðanna. Þeir voru einnig sinn úr hvorum stærstu safnaðanna í bænum. Er blómskrýddar kisturnar voru bornar inn í Dómkirkjuna, var þar fyrir fjöldi manns. En jafnframt streymdi fjöldi fólks óslitið í einar tvær stundir suður í Fossvog og beið þess þar, að líkfylgdin kæmi. Um kl. 15 kom hún suður Laufásveginn. Á eftir tveimur líkvögnum komu 48 aðrir bílar allir fullir af fólki. Þótti þetta hrífandi og lítt gleymanleg sjón að horfa á þessa þá _einkennilegustu líkfylgd þessa bæjar, þar sem svo margir bílar aka skipulega og hægt“. Var bílalestin svo löng, að þegar líkbílarnir komu suður fyrir Þóroddsstaði, voru síðustu bílarnir niður undir Laufásvegi. Gera má ráð fyrir, að í bílunum hafi verið um 200 manns og trúlega hafa jafnmargir verið komnir á undan.

Þegar líkbílarnir komu að hliðinu á norðurhlið garðsins, var það opnað og mannfjöldinn gekk inn fyrir. Fremstir voru prestarnir tveir, sem annast höfðu athöfnina í Dómkirkjunni, þeir sr. Friðrik Hallgrímsson dómkirkjuprestur og sr. Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur. Á eftir þeim voru kisturnar bornar. Fulltrúar sóknarnefndar báru kistu Gunnars, en menn úr safnaðarstjórn Fríkirkjunnar báru kistu Ólafs. Þar á eftir gekk söngflokkur og söng kirkjugarðsvígslusálm alla leið frá hliðinu og upp að gröfunum, sem teknar voru í norðausturhorni garðsins. Þegar kisturnar höfðu verið settar þar niður og mannfjöldinn skipað sér þar í kring, þá gekk fram sr. Friðrik Hallgrímsson. Hann flutti stutta hugleiðingu og bæn, en vígði svo garðinn með þessum orðum:

_Svo vígi jeg þennan kirkjugarð til að vera grafreitir Reykjavíkur, í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Friður Guðs sje með sálum þeirra allra, sem hjer eiga dauðlega líkami sína geymda. Amen, í Jesú nafni.“

Sr. Árni Sigurðsson flutti einnig stutta hugleiðingu, síðan var rekum kastað og enn sungið að hefðbundnum hætti.

Það var tekið fram í frétt Morgunblaðsins af þessum atburði, að í þetta sinn sé gert ráð fyrir, að söfnuðurinn, sem verði í Dómkirkjunni, fari suður í garð í tilefni af vígslunni. Annars sé gert ráð fyrir, að kirkjugarðsgöngur frá kirkjunum falli niður upp frá þessu, en séð verði fyrir bílfari suður í kirkjugarð handa presti, líkmönnum og nánustu ættingjum hins látna.

(Að því, er fram kemur í bókum kirkjugarðsstjórnar, er ný viðbót við garðinn ekki tekin í notkun fyrr en 10. júlí 1943).

Aðstæður breytast

Kirkjugarðsvörður

Ýmislegt hlaut að breytast, þegar nýr kirkjugarður hafði verið tekinn í notkun. Felix Guðmundsson var þó beðinn að taka einnig að sér vörslu Fossvogsgarðs. Laun hans voru hækkuð í kr. 250 á mánuði og ákveðið að grafartökugjald yrði kr.

20. Auk þessa fékk Felix 250 kr. í þóknun vegna starfa hans að undirbúningi nýja garðsins.

Kirkjuleg eða borgaraleg stjórn kirkjugarðanna

Eins og hér hefur glögglega komið fram, annaðist sóknarnefnd Dómkirkjunnar allt, er kirkjugarðinn varðaði, frá því söfnuðurinn samþykkti að taka garðinn að sér árið 1894. Eftir að Fríkirkjusöfnuðurinn var stofnaður 1899, var fljótlega farið að kalla fulltrúa hans til, þegar fjallað var um kirkjugarðinn á sóknarnefndar- og safnaðarfundum. Þetta var fyrst árið 1902 og var svo alla tíð, þar til kosin var sérstök kirkjugarðsstjórn samkvæmt nýjum lögum um kirkjugarða, nr. 64, 23. júní 1932. Samkvæmt 16. grein þeirra laga kaus sóknarnefnd Dómkirkjunnar þrjá menn í stjórnina, en frá Fríkirkjusöfnuðinum komu tveir. Fulltrúar Dómkirkjunnar voru kosnir 29. september 1932.

Átján árum fyrr, eða 6. júní 1915, hafði Jón Helgason prófessor og síðar biskup borið fram þá tillögu á aðalsafnaðarfundum, að skorað verði á sóknarnefnd að fara þess á leit við Stjórnarráðið og þingmenn bæjarins, að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp um, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði falin umsjón með kirkjugarðinum. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Á þessum fundi voru kirkjugarðsmál mjög til umræðu. Sótt hafði verið til Stjórnarráðsins um styrk til þess að skipuleggja kirkjugarðinn eins og lög og reglugerð gerðu þá ráð fyrir. Þeirri beiðni var hafnað, og þar sem mönnum óx væntanlegur kostnaður í augum, hefur það vafalítið kallað á þessa tillögu og samþykkt hennar, enda þótt bæjarstjórn gæti vart sótt fé til framkvæmda annað en í pyngjur sóknarmanna. Seltjarnarneshreppur hefði þá einnig orðið að koma að málinu. Sóknarnefnd hefur hugsanlega séð þetta fyrir. Alltént var málið ekki rætt frekar í nefndinni.

En þetta mál var tekið upp aftur 1931. Þá var Fossvogsgarður að verða fullgerður. Stjórnarráðið hafði nokkurt ómak af málefnum hans, og margt þurfti að sækja til bæjarins. Samkvæmt nýju kirkjugarðslögunum 1932 átti Stjórnarráðið, sem eigandi kirkjunnar, að innheimta legkaup. E.t.v. hefur það einnig haft sitt að segja. Alltént mun frumkvæðið nú hafa komið frá Stjórnarráðinu. Því kom bréf frá borgarstjóra inn á fund sóknarnefndar 18. nóvember með beiðni um afrit af síðustu reikningum kirkjugarðsins vegna samninga milli bæjarstjórnar og ráðuneytis um að bæjarstjórn tæki að sér kirkjugarðsmál borgarinnar að öllu leyti frá næstu áramótum. Svo langt fór þetta mál, að 6. janúar 1932 sendi Stjórnarráðið sóknarnefnd bréf og þar með frumvarp að samningi við bæjarsjóð um afhendingu kirkjugarðanna til bæjarins. Sóknarnefnd leist ekki verr á þetta en svo, að oddvita hennar var falið að líta eftir því, að allar skyldur Reykjavíkursóknar varðandi kirkjugarðana færðust þá yfir á bæjarsjóð. En svo tók það að renna upp fyrir kirkjunnar mönnum, að erfitt gæti

orðið fyrir þá að sleppa alveg hendinni af rekstri garðanna og samþykkt var, að stóru söfnuðirnir í bænum yrðu að hafa sinn manninn hvor í stjórn garðanna, ef bærinn tæki þá að sér. E.t.v. hefur það orðið til þess, að ekkert var aðhafst í málinu og söfnuðirnir héldu ábyrgð sinni og áhrifum.

Felix Guðmundsson kirkjugarðsvörður var enn þeirrar skoðunar, að kirkjugarðsstjórn ætti að vera í höndum borgaryfirvalda. Hann skrifaði kirkjumálaráðuneytinu bréf þar um 25. janúar 1938. Ráðuneytið sendi bréf þetta áfram til umsagnar biskups. Þaðan fór það til umsagnar sóknarnefndar, er aftur vísaði því til kirkjugarðsstjórnar. Sóknarnefnd var þessu samþykkt, en kirkjugarðsstjórn ekki. Í svari þeirrar síðarnefndu kemur fram, að í lögunum um kirkjugarða sé gert ráð fyrir því, að bæjarstjórn kunni að óska þess arna, en þar sem hún muni ekki hafa gert það enn, síðan lögin gengu í gildi, virðist þetta mál í rauninni ekki liggja fyrir nú til umræðu. Bæjarstjórn Reykjavíkur brást ekki á neinn hátt við þessum málum. Þau voru þannig svæfð enn um sinn.

Síðasta umræða um þetta mál var þó eftir og þá að frumkvæði bæjarstjórnar, sem fól borgarstjóra á fundi sínum 4. apríl 1943 að óska eftir því, að umsjón og fjárhald kirkjugarðanna í bænum verði fengin bæjarstjórninni í hendur. Borgarstjóri sneri sér til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er aftur óskaði umsagnar sóknarnefndanna í bænum og safnaðarstjórnar Fríkirkjunnar. Þaðan kom málið til kirkjugarðsstjórnar, sem brást nú hart við, samþykkti að leita upplýsinga um ástæður og rök bæjarstjórnar fyrir þessari málaleitun og ná síðan fram samkomulagi um sameiginlega umsögn. Mikil umræða fór fram um þetta innan safnaðanna og kirkjugarðsstjórnar. Allir voru sammála um að mótmæla því, að umsjón og fjárhald kirkjugarðanna yrði tekið úr höndum safnaðanna. Ráðuneytið skrifaði borgarstjóra 30. október og taldi, eftir að hafa borið málið undir biskup, sóknarnefndir og kirkjugarðsstjórn, ekki ástæðu til að verða við óskum bæjarstjórnarinnar í þessu efni.

Kirkjugarðsstjórn Reykjavíkur 1932 - 1940

Með hinum nýju lögum um kirkjugarða nr. 64 frá 23. júní 1932 var hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar sjálfseignarstofnun undir sérstöku fjárhaldi í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups. Samkvæmt 16. grein þessara laga átti að kjósa í stjórn hans fulltrúa beggja safnaðanna í bænum. Dómkirkjusöfnuðurinn kaus þá Matthías Þórðarson þjóðminjavörð, Sigmundur Sveinsson skólavörð og Sigurbjörn Þorkelsson kaupmann. Fríkirkjusöfnuðurinn valdi Niels Carlsson kaupmann og Sigurð Halldórsson húsasmíðameistara.

Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn 12. nóvember 1932 í kirkjusal Þjóðminjasafnsins. Stjórnarmenn kusu Matthías Þórðarson formann, en Niels Karlsson gjaldkera. Hann skyldi þó ekki taka við peningamálum fyrr en Pétur Halldórsson bóksali hefði skilað af sér við næstu áramót, en hann hafði þá lengi

séð um fjármál kirkjugarðsins. Stjórnin lét það verða sitt fyrsta verk að fara suður í Fossvog og líta á nýja garðsstæðið. Þar gaf hún kirkjugarðsverði skýr fyrirmæli um þrifnað og umgengni í garðinum. Jafnframt var bókað, að hún teldi æskilegt, að allir legsteinar í garðinum sneru eins, svo sem þar eru lík lögð, horfðu mót suðaustri. Skyldi gengt að þeim öllum að framanverðu, helst eftir sjerstökum, mjóum gangstíg, þar sem suðurendi legstaða væri ekki við götu.“ Jafnframt var ákveðið að hefja trjá- og runnarækt (buska) innan girðingar að austan og norðan. Frá hinu fyrrnefnda, um legsteinana, var horfið síðar, en ræktun trjáa, runna og blóma hefur ætíð verið til fyrirmyndar í Fossvogi.

Fundir voru ekki tíðir hin fyrstu ár. Á öðrum fundi, 14. apríl 1933, kemur í ljós, að stjórnarmenn hafa litið svo á, að garðarnir yrðu ein stofnun. Því var ákveðið, að kirkjugarðsvörður yrði til viðtals tvo tíma hvern virkan dag í hvorum garðinum. Hin nýja stjórn hélt sömu stefnu og sóknarnefnd Dómkirkjunnar hafði mótað, hvað gróður varðaði, girðingar og umhverfi allt. Nýjar reglur voru samdar vegna umgengni um garðana báða, en þar var litlu breytt frá því sem verið hafði í gamla garðinum. Landið, sem girt hafði verið, var ekki undirbúið í einu átaki, heldur eftir þörfum. Port með þaki yfir var byggt við skýlið í garðinum. Setti það fallegan svip á bygginguna og þar var klukka til líkhringinga. Fljótlega var fenginn þangað sími. Jarðvegurinn var mjög blautur. Því þurfti að gera fleiri lokræsi en í upphafi var gert ráð fyrir. Aftur á móti var skortur á vatni til vökvunar í garðinum nokkurt vandamál fyrstu árin. Vatnsleiðsla kom í garðinn 1935 og settir þar tveir vatnshonar. Þá var hægt að setja salerni og handlaug í skýlið og gera þar rotþró. Rafmagn til lýsingar mun hafa komið 1938.

Í gamla garðinum var haldið í horfinu með hreinsun og annarri umhirðu. Hækka þurfti girðinguna á norðurmörkunum við Hólatorg, og Samúel Eggertsson var enn ráðinn til að auka við og beturumbæta legstaðaskrána. Því verki var lokið 1938.

Sumarið 1939 bað lögreglustjórinn í Reykjavík um leyfi til að sneiða af suðausturhorni girðingar kirkjugarðsins við Suðurgötu vegna slyshættu. Það var samþykkt, enda yrði það kirkjugarðinum að kostnaðarlausu.

Ný skipan stjórnar og starfsmannamála

Árið 1940 var Dómkirkjuprestakallinu skipt og til urðu þrjár nýjar kirkjusóknir, Hallgríms-, Laugarnes- og Nessóknir, sem jafnframt mynduðu hið nýja Reykjavíkurprófastsdæmi. Af því tilefni skrifaði formaður kirkjugarðsstjórnar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 30. október 1940 og spurðist fyrir um, hvernig stjórn kirkjugarðanna skyldi skipuð framvegis. Hann lýsti þeirri skoðun stjórnar sinnar, að sanngjarnt hlyti að teljast, að söfnuðir borgarinnar ættu sinn fulltrúann hver í stjórninni.

Ráðuneytið féllst á þessa tillögu og ákvað með bréfi 14. janúar 1941, að eftir þessi áramót verði sú breyting gerð á

skipan kirkjugarðsstjórnarinnar, að sóknarnefndir allra 4 þjóðkirkjusafnaðanna í Reykjavíkúrprófastsdæmi og stjórn Frikirkjusafnaðarins kjósi hver um sig einn mann í kirkjugarðsstjórnina.

Þá skal það tekið fram, að ráðuneytið telur rétt, að kirkjugarðsvörður eigi sæti á fundum kirkjugarðsstjórnarinnar, þótt hann eigi þar ekki atkvæðisrétt.“

Samkvæmt þessum fyrirmælum var kosin ný stjórn.

Fyrir Dómkirkjusöfnuðinn: Knud Zimsen fv. borgarstjóri.

Fyrir Frikirkjusöfnuðinn: Einar Einarsson húsasmíðameistari.

Fyrir Hallgrímssöfnuð: Sigurbjörn Þorkelsson kaupmaður.

Fyrir Laugarnessöfnuð: Kristján Þorgrímsson bifreiðarstjóri.

Fyrir Nessöfnuð: Guðjón Þórðarson skósmiður.

Hin nýja stjórn hélt sinn fyrsta fund 5. febrúar 1941 í húsi KFUM og K. Knud Zimsen var kosinn formaður.

Árið 1940 kom illa út, hvað fjárhaginn snerti. Tekjur voru kr. 31.545.54, en gjöld kr. 43.902.00. Rekstarhalli var því kr. 12.356.46. Af þessum ástæðum var því ákveðið að hækka kirkjugarðsgjöld úr 0.45% af útsvörum í 1%. Það dugði ekki til og var því enn hækkað og í 2 % árið 1942. Þá var einnig samþykkt, að fara fram á það við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að reglugerðinni um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi yrði breytt þannig, að félög og aðrir ópersónulegir útsvarsgreiðendur verði ekki undanþegnir kirkjugarðsgjaldi. - Sú venja var tekin upp 1941 að ráða löggiltan endurskoðanda til að setja upp reikninga kirkjugarðsins.

Það sama ár var gerður nýr kjarasamningur við Felix kirkjugarðsvörð. Ástæðan var, að kirkjugarðsstjórninni þótti ófullnægjandi að geta ekki ráðið yfir öllum starfskröftum hans á þann hátt, sem hentar í hvert skipti og vill jafnframt auka ábyrgð hans á því, að góð regla sje á öllu í kirkjugörðunum, og á öllum framkvæmdum í þarfir kirkjugarðanna“. Var hann því ráðinn framkvæmdastjóri kirkjugarðsstjórnarinnar. Ráðningarkjör voru ákveðin lík og voru í samþykkt 1. apríl 1939 um laun fastra starfsmanna Reykjavíkúrkaupstaðar. Skyldi Felix taka laun í IV. flokki, hæsta aldursflokki, kr. 570 á mánuði með sömu dýrtíðaruppbót og starfsmenn Reykjavíkúrkaupstaðar fengu. Honum voru ætlaðar kr. 125.00 á mánuði fyrir akstur.

Gott er þó að horfa til þeirra orða, sem Sigurbjörn Þorkelsson formaður kirkjugarðsstjórnar mælti til hans á stjórnarfundum 13. október 1949, á 30 ára starfsafmæli hans, og honum voru afhent á skrautrituðu skjali, sem fundarmenn skrifuðu allir undir:

„Um leið og fundarstörf hefjast, langar mig til að bera fram þakklæti til framkvæmdastjóra Felix Guðmundssonar fyrir starf það, er hann nú síðastliðin þrjátíu ár hefur af hendi leyst í kirkjugörðunum í Reykjavík. Fyrsta dag septembermánaðar 1919 tók Felix við þessu starfi og hefur gegnt því með óþreytandi elju, áhuga og trúmennsku. - Það er vandasamt starf, sem hér hefur

verið unnið, en hið vandasama starf hefur hann rækt með sannri þryði.

Kirkjugarðsstjórnin þakkar af alúð góða samvinnu og gleðst yfir árangri góðrar iðju. En þakklætinu skulu fylgja innilegar óskir um heillaríka framtíð, með þeirri von, að menn fái sem lengst að njóta starfskrafta framkvæmdastjórans.“

Sumarliði Halldórsson, sem hafði unnið við kirkjugarðana um skeið var ráðinn fastur starfsmaður frá 1. mars 1941 skv. VII. launaflokki með 360 kr. í mánaðarlaun auk dýrtíðar- eða verðstuðulsuppbótar. Honum var ætlað að sjá um trjá- og blómarækt, einnig hreinsun, lagfæringar og því um líkt.

Formanni var falið reikningshald og dagleg fjármálastjórn. Hann átti ekki að fá þóknun fyrir þau störf. Framkvæmdastjóri skyldi annast innheimtu á legkaupi og öðrum tekjum, svo og útborgun á reikningum. Fyrir það skyldi engin aukapóknun greidd.

Sigurbjörn Þorkelsson var kosinn varaformaður, en ekki var talin þörf á að velja sérstakan ritara fyrst um sinn.

Framangreindar ráðstafanir voru gerðar á 37. fundi kirkjugarðsstjórnar, 24. marz 1941. Þá var tekið upp það nýmæli að hafa ritningarlestur og bæn á hverjum fundi. Það hvorttveggja annaðist Knud Zimsen og hefur þeim sið verið haldið síðan.

Fjölgað í kirkjugarðsstjórn

Vegna mikillar óánægju með embættisveitingu ráðherra að aflokinni prestskosningu í Hallgrímssókn var stofnaður nýr fríkirkjusöfnuður í Reykjavík 1941, Frjálslyndi söfnuðurinn. Hann var orðinn það fjölmennur í árslok 1943 (yfir 1000 manns), að rétt þótti, að hann fengi fulltrúa í kirkjugarðsstjórn. Tilnefndi hann Stefán A. Pálsson kaupmann og Guðmund Guðjónsson kaupmann til vara. Lög mæltu svo fyrir, að þegar fleiri en 5 söfnuðir noti sama kirkjugarð og eigi rétt til fulltrúa í kirkjugarðsstjórn, þá skuli hún skipuð 7 mönnum. Ráðuneytið setji þá reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir. Formaður kirkjugarðsstjórnar hafði skýrt ráðuneytinu frá stöðu mála í þessum efnum og skipaði það nú 7. manninn, Gunnlaug Claessen dr. med. og Gunnar Einarsson prentsmiðjustjóra til vara, en þeir voru báðir úr forystusveit Bálfarafélagsins. Fyrsti fundur hinnar stækkuðu stjórnar var haldinn 7. febrúar 1944. Verkaskipting innan stjórnarinnar var óbreytt.

Árið 1945 gekk Guðjón Þórðarson úr sóknarnefnd Neskirkju. Þá var Ingimar Brynlólfsson stórkaupmaður kosinn í kirkjugarðsstjórn í hans stað. Árið 1948 féll Knud Zimsen úr sóknarnefnd Dómkirkjunnar. Í hans stað kom Þorsteinn Sch. Thorsteinsson apótekari í stjórnina. Dr. Gunnlaugur Claessen lést þetta sama ár. Gunnar Einarsson varmaður hans tók þá við stöðu aðalmanns.

Er Frjálslyndi söfnuðurinn var lagður niður 1946, hætti fulltrúi hans

störfum. Þá voru aftur orðnir 6 fulltrúar í stjórn, 5 frá söfnuðunum og fyrrverandi oddamaður frá Bálfarafélaginu. Þetta mál var leyst með þeim hætti, að lögum var breytt á Alþingi 1948-1949. Þá var lögfest, að bálfarafélög skyldu eiga mann í kirkjugarðsstjórn. Væri tala kjörinna fulltrúa jöfn, skyldi á sameiginlegum fundi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina, svo og varamann hans. Björn Ólafsson stórkaupmaður var kosinn aðalmaður í stjórnina.

Enn urðu breytingar, er Einar Einarsson hætti, en Fríkirkjusöfnuðurinn kaus Kristján Siggeirsson í hans stað.

Knud Zimsen fékk ærinn starfa, er farið var að undirbúa byggingu kapellunnar og ekki síður, er smíði hennar hófst. Kom þá og vel í ljós, hve dýrmætt það var að hafa í formannsstarfi margreyndan framkvæmdamann, verkfræðing að mennt. Því var farið að greiða honum laun, einum nefndarmanna. Er hann hætti formennsku, var Sigurbjörn Þorkelsson valinn í hans stað, en Zimsen var þá gerður að ráðunaut kirkjugarðsstjórnarinnar.

Felix Guðmundsson lést 1950. Formaður, Sigurbjörn Þorkelsson, tók að sér framkvæmdastjórn til bráðabirgða, en var svo falið að gegna stöðu framkvæmdastjóra ásamt formennskunni frá 1. september 1951.

Hermannagrafreitir

Bretar hernámu Ísland 10. maí 1940. Á fundi kirkjugarðsstjórnar 5. febrúar 1941 var lögð fram beiðni bresku setuliðsstjórnarinnar um að fá sérstakan reit í kirkjugarðinum í Fossvogi til að jarða í breska hermenn, er hér kunna að látast. Formanni og Einari Einarssyni var ásamt kirkjugarðsverði falið að kanna, hvernig slíku yrði best fyrir komið og gera síðan samning við setuliðsstjórnina. Var samið um, að reitur þeirra yrði vestast og nyrst í garðinum og var hann afmarkaður sérstaklega á uppdrátt af garðinum.

Síðar gekk setulið Bandaríkjamanna inn í þann samning. Það kom hingað 7. júlí 1941 og tók við hvernd Íslands af Bretum, sem þó höfðu hér nokkurt lið öll stríðsárin. Bandaríkjamenn sömdu fyrst um 160 reiti, en fengu þeim svo fjölgað í 244. Bandaríski herinn fór héðan síðla árs 1946. Þá höfðu 202 bandarískir hermenn verið jarðsettir í Fossvogi. Á fundi kirkjugarðsstjórnar 16. júní 1947 er frá því greint, að búið sé að grafa öll líkin upp og flytja þau vestur um haf. Þar með hafi hinu leigða landi verið skilað aftur í hendur kirkjugarðsstjórnarinnar.

Framkvæmdastjóri kirkjugarðsins tók að sér að gera upp og sjá um grafreiti bresku hermanna. Í fundargerð 5. september 1950 er þess getið, að því hafi þá verið lokið, en hér hafi að undanfögnu verið maður frá breska utanríkisráðuneytinu til „að láta reisa aðalminnismerki yfir hina bresku, föllnu hermenn“ og hafi hann lokið lofsorði á alla framkvæmdi í Fossvogi. Þau orð voru staðfest síðar með bréfi breska utanríkisráðuneytisins, þar sem kirkjugarðsstjórn

og Marteini Gíslasyni verkstjóra er þökkuð góð samvinna við uppsetningu minnismerkja.

Bygging kapellu og bálstofu undirbúin

Er hin nýja kirkjugarðsstjórn hafði þannig komið starfinu á góðan grundvöll, var hafist handa um að undirbúa byggingu útfararkapellu í Fossvogi.

Hugmyndin um sérstaka útfarapakellu í kirkjugarði var ekki ný. Hér að framan má sjá, að hún kemur fyrst fram árið 1924. Síðar var gerð lausleg teikning og kostnaðaráætlun fyrir kapellu er tæki 60-70 manns í sæti. Mönnum varð brátt ljóst, að þetta mál hlaut að bíða nýs kirkjugarðs. Á skipulagsupphætti að honum var svo gert ráð fyrir slíkri byggingu.

Málið kom fyrst til umræðu aftur á fundi kirkjugarðsstjórnar 5. mars 1936. Þá benti kirkjugarðsvörður á þá fyrirætlun Bálfarafélags Íslands, sem stofnað hafði verið 6. febrúar 1934, að koma upp bálstofu og grafreit (duftreit) hjá Sunnuhvoli, býli sem stóð á gatnamótum Háteigsvegur og Þverholts við Sunnuhvolstún, sem nú er nefnt Miklatún. Þótti fundarmönnum sem hentara myndi að bálstofa yrði í kirkjugarðinum í Fossvogi, ef jarðarfarapakella yrði reist hjá henni, svo að ekki þyrfti að reisa tvær kapellur í bænum. Reynt var að ná samstarfi við Bálfarafélagið en tókst ekki á þessum tíma.

Mál þetta kom enn til umræðu 19. maí 1937. Þá var þetta bókað:

„Rætt um bygging kapellu í nýja garðinum, sem ráðgerð hefur verið á uppdrættinum af honum. Vegna áhuga nokkurra bæjarbúa á líkbrennslu þótti æskilegt, að í kapellunni væri herbergi og ofn til þess að framkvæmd yrði þar slík athöfn. Stakk Sigurður Halldórsson upp á því, að kirkjugarðsstjórnin rjeði byggingarfróðan mann til að gera uppdrátt af kapellu með þess háttar útbúnaði. Var það samþykkt eftir nokkrar umræður og honum og kirkjugarðsverði falið að útvega hjá Herði Bjarnasyni byggingafræðingi uppdrátt af slíkri kapellu; skyldi þar vera sæti fyrir um 150 menn, og í sambandi við þann sal skyldi vera annar, er geyma mætti í um 30 líkkistur; auk þess líkbrennsluherbergi, verkamannastofa, skrifstofa fyrir kirkjugarðsvörð, klefar til ræstinga, verkfærageymsla o.fl.“ Herði voru greiddar kr. 600 fyrir uppdráttinn, en fallið frá því að byggja eftir honum.

Á stjórnarfundum 25. mars 1942 var ákveðið að hefjast handa um undirbúning kapellubyggingar. Rétt þótti að hugsa bálstofu í sambandi við hana. Formanni var falið að fá vitneskju um það, hvort Bálfarafélag Íslands mundi vilja hafa nokkra samvinnu um byggingu bálstofunnar. Talið var, að ef breyting sú fengist, sem stjórnin hafði beðið um á reglugerðinni um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi, þá mundi nægilegt fé fást til byggingarinnar á nokkrum árum. Breytingin var ákveðin með bréfi Magnúsar Jónssonar ráðherra dagsettu 15. desember 1942.

Á fundi 7. apríl 1943 skýrði formaður frá því, að menn úr stjórn

Bálfarafélagsins hefðu tekið vel í málaleitan kirkjugarðsstjórnarinnar, en engar ákvarðanir hefðu þó verið teknar.

Var þá ákveðið að leggja allt að kr. 200.000 fram á árinu 1944 til byggingar kapellu með bálstofu í kirkjugarðinum í Fossvogi. Formanni var falið að semja tillögu þessa efnis, er leggja mætti fyrir sameiginlegan fund sóknamefnda í prófastsdæminu, sem ráðgert var að halda 13. apríl og síðan fyrir safnaðarfundina. Honum var jafnframt falið að halda áfram viðræðum við Bálfarafélagið.

Svohljóðandi tillaga var samin og samþykkt á fundinum:

„Safnaðarfundurinn fellst á þá ráðstöfun kirkjugarðsstjórnar Reykjavíkur að hefjast handa um byggingu kapellu, er rúmi 250-300 manns og sje í sambandi við líkgeymslu og bálstofu. Safnaðarfundurinn er því og samþykkur, að leitað verði samvinnu við Bálfarafjelag Íslands um framkvæmdir þessar.“

Á fundi kirkjugarðsstjórnar 13. september 1943 var tilkynnt, að allir safnaðarfundir hefðu samþykkt tillöguna. Þó hefðu fríkirkjumenn hafnað seinni hlutanum um bálstofu og samvinnu við Bálfarafélagið. Stjórnin ákvað að halda sig við fyrri ákvarðanir í þessu máli, en bíða þó úrskurðar kirkjumálaráðuneytisins um það, hvort fela skyldi bæjarstjórn Reykjavíkur umsjón og fjárhald kirkjugarðanna, svo sem hún hafði farið fram á. (Sbr. frásögn af því máli hér fyrir).

Úrskurður ráðuneytisins féll kirkjunnar mönnum í vil, svo sem frá er greint hér fyrir. Hann var afhentur kirkjugarðsstjórn 17. september. Þá var undirbúningur kapellubyggingarinnar hafinn á ný. Stjórn Bálfarafélags Íslands óskaði eftir samtalsfundi við kirkjugarðsstjórn og alla safnaðarformenn í bænum. Sá fundur var haldinn 25. september. Þar voru Gunnar Einarsson úr stjórn Bálfarafélagsins og formaður kirkjugarðsstjórnar beðnir að semja uppkast að samningi um þetta efni. Komu þeir sér saman um slíkt uppkast 23. október. Það var samþykkt á fundi kirkjugarðsstjórnar 10. nóvember 1943.

Samkomulagið var síðan tekið fyrir á sameiginlegum fundi biskups, forystumanna og presta allra safnaðanna í Reykjavík, sem haldinn var 16. nóvember 1943. Umræður urðu miklar. Flestir lýstu sig samþykka samkomulaginu. Þeirra á meðal var biskupinn, herra Sigurgeir Sigurðsson, sem fagnaði því einnig, að umsjón kirkjugarðanna skyldi haldast í höndum safnaðanna. Kvað hann kirkjugarðsstjórnina hafa unnið vel og drengilega í þessu máli. Tveir fundarmanna mótmæltu þó sterklega bálstofumálinu enda andstæðir líkbrennslu. Voru þetta þeir Sigurjón Pétursson verksmiðjueigandi á Álafossi, sem mætti óboðinn á fundinn, en var veitt málfrelsi, og Nikulás Friðriksson umsjónarmaður, úr safnaðarstjórn Fríkirkjusafnaðarins. Báðir höfðu þeir þau rök fyrir máli sínu, að margar aðvaranir gegn líkbrennslu hefðu komið handan yfir landamæri lífs og dauða.

Fundurinn samþykkti ályktun, þar sem fallist var á framkvæmdir kirkjugarðsstjórnarinnar og því lýst yfir, að fullt traust væri borið til hennar um frekari framkvæmdir.

Tveimur dögum síðar var undirritað eftirfarandi samkomulag milli kirkjugarðsstjórnar Reykjavíkur og stjórnar Bálfarafélags Íslands:

—Kirkjugarðsstjórnin fellst á að fara fram á það við bæjarstjórn Reykjavíkur, jafnskjótt og þessi samningur er gjörður, að kirkjugarðurinn í Fossvogi verði stækkaður til norðvesturs um ca. 100 metra breiða ræmu meðfram öllum kirkjugarðinum.

Verði bæjarstjórn við þeirri beiðni skal kirkjugarðsstjórn reisa kapellu með líkgeymslu og bálstofu á flatneskjunni, sem þá verður efst í kirkjugarðinum, beint á móti stígnum sem nú liggur um kirkjugarðinn til suðausturs frá hliðinu á núverandi girðingu garðsins, þannig að aðaldyr kapellunnar sjeu gegnt stígnum. Kapellan rúmi 250 manns í sæti. Kirkjugarðsstjórnin og stjórn Bálfarafélagsins skulu síðar ákveða nánar stað byggingarinnar í samráði við þann húsameistara, sem falið verður að gjöra uppdrætti af henni.

Kirkjugarðsstjórn tilnefni 2 menn og stjórn Bálfarafélagsins 1 mann í byggingarstjórn kapellunnar. Jafnskjótt og fengnir eru uppdrættir og byggingarleyfi skal flýta byggingunni sem unnt er og skal kirkjugarðsstjórnin sjá um, að jafnan sje nægur greiðslueyrir fyrir hendi, með lántöku, ef með þarf.

Kirkjugarðsstjórnin leggur fram allan kostnað við byggingu kapellunnar, ásamt líkgeymslu og bálstofu, að undanskildum líkbrennsluofni og öðrum tækjum, sem sjerstaklega þarf vegna líkbrennslu, en stjórn Bálfarafélagsins sjer um greiðslu kostnaðar, sem leiðir af þessum tækjum, enda ræður hún að öllu leyti gerð þeirra og fyrirkomulagi.

Kirkjugarðsstjórnin fellst á, að svæðið fyrir norðvestan núverandi takmörk kirkjugarðsins ásamt um 10 metra breiðri ræmu innanvert við þau, verði ætlað til þess að jarðsetja þar duftker, en stjórn Bálfarafélagsins skal skipuleggja svæðið og ráða fyrirkomulagi þess, að áskildu samþykki rjettra stjórnarvalda samkvæmt lögum um kirkjugarða. Kirkjugarðsstjórnin lætur á sinn kostnað girða hið nýja kirkjugarðssvæði, gjöra aðalstíga um það og undirbúa það sem grafreit, enda greiði stjórn Bálfarafélagsins gjald til kirkjugarðsins, er samsvari legkaupi af því svæði, sem verður milli stíganna. Legkaupið er 40 krónur fyrir legstað, sem telst að stærð 3 fermetrar (2,5 x 1,2m). Bálfarafélagið greiðir þetta gjald fyrir hvern heildarreit, sem það tekur til afnota og fær þá umráð yfir reitnum. Það ræður því sjálft hvort það krefst endurgreiðslu á legkaupi fyrir þá, sem jarðsettir verða í reitnum, en kirkjugarðsstjórnin tekur ekkert frekara legkaup fyrir þá. Þegar kapellan og bálstofan eru komin upp og verða tekin til afnota, skal kirkjugarðsstjórnin í samráði við stjórn Bálfarafélagsins setja reglugjörð um notkunina og greiðslu fyrir greftrun og líkbrennslu. Skal með þeirri reglugjörð stefnt að því, að gjöra útfarir einfaldari og ódýrari, en nú tíðkast.

Reykjavík, 18. nóvember 1943.“

Byggingarsaga Útfararkapellu Reykjavíkur

Í samræmi við samkomulag kirkjugarðsstjórnar og Bálfarafélagsins var sótt um aukið land. Borgarstjóri tilkynnti með bréfi 27. nóvember 1943, að bæjarráð hefði samþykkt að leggja kirkjugarðinum í Fossvogi 100 m breiða spildu meðfram allri norðvesturhlið garðsins.

Kirkjugarðsstjórn kaus í byggingarnefnd, 7. febrúar 1944, þá Knud Zimsen verkfræðing, fv. borgarstjóra, og Einar Einarsson húsasmíðameistara. Bálfarafélagið tilnefndi Valgeir Björnsson verkfræðing og hafnarstjóra. Bæjarstjórn var skrifað með fyrirspurn um hve stór líkgeymslan þyrfti að vera og hvort bæjarsjóður myndi taka þátt í kostnaði af byggingu hennar. Bæjarstjórn taldi ekki ástæðu til þátttöku, en sendi álit bæjarlæknis um stærð líkgeymslunnar. Arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson, sem þá unnu saman,

voru ráðnir til að gera teikningar að byggingunni. Er byggingarnefnd hóf störf, kom í ljós, að herstjórn Breta vildi ekki leyfa bygginguna á fyrirhuguðum stað vegna námunda við skotfærabirgðir hersins. Var því nauðugur einn kostur að byggja austar á lóðinni. Því þurfti að gera nýja frumdrætti, og olli þetta nokkrum tölum. En 4. nóvember 1944 voru lagðir fram nýir uppdrættir að kapellu ásamt íbúðar- og skrifstofuhúsi. Byggingarnefnd hafði þá þegar látið gera á þeim nokkrar breytingar. Kirkjugarðsstjórn samþykkti tillögur hennar og ákvað að láta gera fullnaðaruppdrætti í samræmi við það, sem þá var lagt fram.

Hið breytta byggingarstæði hafði þær afleiðingar, að nauðsynlegt var að stækka lóð kirkjugarðsins um 35 metra til norðurs og samþykkti bæjarstjórn það með bréfi 5. desember 1944.

20. febrúar 1945 lagði byggingarstjórn fram fullnaðaruppdrætti af kapellunni og þeim byggingum, sem henni fylgja. Kirkjugarðsstjórn samþykkti uppdrættina og fól byggingarnefndinni að sækja þá þegar um byggingarleyfi, bjóða verkið síðan út og gera samninga við væntanlega verktaka. Nefndinni var einnig falið að láta ganga frá umhverfi öllu. Yrði ágreiningur innan nefndarinnar skyldi kirkjugarðsstjórn skera úr.

Verkið var boðið út, og 6. apríl 1945 voru opnuð tilboð frá 7 aðilum. Hæsta tilboð var kr. 2.276.050 í kapelluna og kr. 145.290 í íbúðarhúsið. Lægst bauð Byggingafélagði Brú hf., kr. 768.500 í kapelluna, en kr.122.645 í íbúðarhúsið. Tilboði Brúar hf. var tekið og Einar Einarsson ráðinn eftirlitsmaður við verkið. Verksamningurinn var gerður 13. apríl og hafðir fyrirvarar um hækkun í samræmi við verðlag.

Þegar til átti að taka kom í ljós, að hluti síðari viðbótarlóðarinnar var á erfðafestulandi býlisins Sóllands og stendur íbúðar- og skrifstofuhúsið að hluta á þessu landi. Eigandi Sóllands gaf þetta land þó eftir. Annar hluti af hinu nýja landi kirkjugarðsins lenti, þrátt fyrir aukna lóð, innan athafnasvæðis setuliðsins á Reykjavíkurflogvelli. Var þar sprengiefnageymsla og öflug gaddavírsgirðing í kring. Suðvesturhorn geymsluhúss við kapelluna reyndist ná lítið eitt inn fyrir girðinguna, en setuliðið samþykkti þá að færa hana, enda tæki kirkjugarðsstjórn á sig tjón, sem kynni að verða vegna sprenginga. En vegna flugvallarins óskaði setuliðsstjórnin eftir því, að kapellubyggingin yrði ekki hærri en 53 ensk fet og rautt ljós yrði sett á turn hennar. Kapellan var teiknuð 17 m há eða 55,7 fet. Ákvæðið um rauða ljósið var samþykkt, einnig að takmarka hæð turnsins „að svo miklu leyti sem unnt er“. Sprengingar óttuðust menn ekki lengur, þar sem stríðinu var lokið og menn töldu skammt í það, að herinn afhenti þetta land.

11. janúar 1946 voru sperrur reistar á turni kapellunnar og þar með á öllum byggingum henni tengdum. Voru þá dregnir upp 5 fánar, en daginn eftir voru risgjöld haldin í íbúðarhúsinu og sóttu það hóf um 60 manns.

Á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 1946, lagði Sveinn Björnsson forseti

Íslands hornstein kapellunnar að viðstöddum kirkjumálaráðherra, biskupi Íslands, dómprófasti, prestum bæjarins, sóknarnefndum, safnaðastjórnnum, borgarstjóra, forseta bæjarstjórnar, stjórnnum Bálfarafélagsins og Brúar hf., kirkjugarðsstjórn, húsameisturum og nokkrum fleiri.

Athöfnin hófst með því að Dómkirkjukórinn söng undir stjórn dr. Páls Ísólfssonar sálminn Ég lifi og ég veit Þá flutti Knud Zimsen stutta ræðu, sem aðallega var skýrsla um aðdraganda og framkvæmd byggingarinnar. Forseti lét því næst prentað pergamentskjal með nokkrum upplýsingum um kapelluna í blýhólk, sem síðan var lóðað fyrir. Forseti lét þá blýhólkinn í gróp í austurvegg á kór kapellunnar og múraði yfir. Var þá hornsteinninn, sléttfágaður, íslenskur gabbrósteinn, settur í vegginn uppi yfir blýhólknum og forseti múraði utan með honum. Magnús Guðnason steinsmiður gerði steininn og þessa áletrun á hann:

Sveinn Björnsson
forseti Íslands
lagði stein þenna
á sumardaginn fyrsta
hinn 25. apríl 1946.

Forsetinn mælti síðan nokkur orð, biskupinn hélt ræðu og flutti bæn, en athöfninni lauk með því að Dómkirkjukórinn söng sálminn Ó, þá náð að eiga Jesú

Á fundi kirkjugarðsstjórnar 11. júní 1946 kom fram, að skrifstofuhúsnaðið var að mestu fullgert og ákveðið að kaupa þegar nauðsynleg skrifstofuáhöld. Á þessum sama fundi var ákveðið að ráða umsjónarmann með kapellunni frá og með 1. október n.k. og skyldi hann fá inni í hinu nýbyggða íbúðarhúsi. Var honum sett erindisbréf og laun hans ákveðin. Ráðinn var Jóhann Hjörleifsson, sem verið hafði verkstjóri Brúar hf. við bygginguna. Hann tók laun hjá kirkjugörðunum frá og með 1. janúar 1947. 23. október það ár var ráðin skrifstofustúlka, Bryndís Einarsdóttir. Eitt af fyrstu verkum hennar mun hafa verið að semja spjaldskrá um alla, sem jarðsettir höfðu verið í Fossvogsgarði.

Mikil vinna var lögð í það á þessum árum að afla starfsmönnum kirkjugarðsins lífeyrisréttinda.

15. desember 1947 var kapellan fullgerð að utan, en að innan var flest ógert annað en, að flestar leiðslur voru frá gengnar og mikið komið af efni og tækjum. Á stjórnarfundi 18. mars 1948 var gert ráð fyrir, að hægt yrði að vígja kapelluna í júlí eða ágúst það ár.

Vígsla Fossvogskirkju

Dr. med. Gunnlaugur Claessen, sem var helsti frumkvöðull bálfara hér á landi og var kosinn í kirkjugarðsstjórn sem slíkur árið 1944, gat aldrei mætt á

stjórnarfundum vegna veikinda þeirra, sem drógu hann til dauða 23. júlí 1948. Aðstandendur dr. Gunnlaugs óskuðu eindregið eftir því, að bálför hans gæti farið fram í hinni nýju kapellu. Á fundi 27. júlí var samþykkt að verða við því, enda þótt nokkuð vantaði enn á, að byggingin væri fullbúin til þess. Kirkjugarðsstjórnin samþykkti að biðja sr. Bjarna Jónsson vígslubiskup að framkvæma vígsluna um næstu helgi.

Vígslan fór fram laugardaginn 31. júlí 1948 og hófst kl. 10.30. Þar voru þá samankomnir auk vígslubiskups, biskup Íslands, kirkjugarðsstjórnin, byggingarstjórn kapellunnar, sóknarnefndaroddvitar og fleiri úr sóknarnefndum prófastsdæmisins, nokkrir prestar, borgarstjóri og fleira fólk. Orgelharmoníum hafði verið fengið að láni hjá KFUM. Dr. Páll Ísólffsson lék á orgelið og stjórnaði söng sveitar úr Dómkirkjukórnum. Bráðabirgðatækjum til klukknahtingingar hafði verið komið fyrir.

Dagskrá athafnarinnar var sem hér segir:

Orgelforleikur. Dr. Páll Ísólffsson.

Bæn í kórdrum. Knud Zimsen.

Sálmur 624, 1., 2., 12., og 13.v.

Ræða um aðdraganda kapellubyggingarinnar og húsinu lýst. Kn. Z.

Ræða, þakklæti til allra, sem hafa unnið að byggingunni. Sigurbj. Þork.

Kapelluvígslan. Sr. Bjarni Jónsson:

Ræða út frá Préd. 12,5-9. Blessun lýst yfir kapellunni, þeim byggingum, sem henni tengjast sem og hinni nýju viðbót við grafreitinn.

Sálmur 456

Þannig lauk hinni hátíðlegu vígsluathöfn, en loks skoðuðu gestir húsakynni á staðnum.

Fyrsti stjórnarfundur eftir vígsluna var haldinn 18. ágúst. Þar var samþykkt að kaupa gott harmoníum fyrir kapelluna, einnig að koma sem fyrst upp búnaði til að útvarpa frá jarðarförum, sem mjög var til siðs á þessum árum. Á fundum í nóvember og desember var ákveðið að kaupa hringingarbúnað og leyfa prestum að messa í kapellunni þegar ástæður leyfa.

Fossvogskapella var opnuð til almennra afnota sunnudaginn 12. desember 1948. Af því tilefni var fréttamönnum boðið þangað til skoðunar og fræðslu.

Altaristafla kom ekki strax. Jón Stefánsson listmálari hafði verið beðinn um töflu, en hún kom ekki. Þá var Eggert Guðmundsson beðinn og samið við hann um kr. 35.000 fyrir verkið.

Bálfarafélag Íslands lagði til báða brennsluofna bálstofunnar í kirkjunni og kr. 100.000 að auki. Annar kostnaður var greiddur úr kirkjugarðssjóði. Byggingarkostnaður varð í allt kr. 3.800.000. Skuldir í árslok 1948 náðu ekki tveimur milljónum króna og talið, að þær myndu greiddar á næstu 8-10 árum.

Í ræðu Knuds Zimsen við þetta tækifæri nefnir hann það, að þegar búið væri að kasta rekum á kistuna, gengi presturinn niður úr kórnum, en síðan væri blátt tjald dregið fyrir kórduynar. Kistan væri síðan tekin út um hliðardyr og sett í líkvagninn, en ekki borin út. Taldi Zimsen, að „sá siður ætti að leggjast niður.“

Við norðurhlið kórsins á annarri hæð er söngpallur, opinn að kórnum. Þar hefur frá upphafi verið hljóðfæri og þar hafa kórar, einsöngvarar, organistar og aðrir einleikarar flutt sína tónlist. Þeir hlutir kosta venjulega sitt. Ein af meginhugsjónum þeirra, sem stóðu að byggingu kapellunnar, var að gera útfarir ódýrari. Þeim datt þá í hug, að hægt væri að losna við tónlistarfólkið og flytja alla tónlist af tónböndum. Sú hugmynd komst þó aldrei í framkvæmd, því engir tónlistarmenn fengust til að leyfa upptökur og eyðileggja þannig þá atvinnu, er þeir höfðu af þessum athöfnum.

Útfararþjónusta hafin í Fossvogi

Hugmyndin um útfararþjónustu á vegum kirkjugarðsstjórnar mun snemma hafa vaknað, því árið 1934 var henni boðinn til kaups nýlegur líkvagn, sem Helgi Helgason átti, en hann rak trésmiðjuna Rún, er mun hafa tekið að sér útfarir. Þetta tilboð vakti umræðu um útfararþjónustu á vegum kirkjugarðsstjórnarinnar. Var þá rætt um, að mestu skipti, ef maður fyndist, er gæti annast þetta og þá fyrir mun lægra verð en tíðkaðist. Trúlega hefur slíkur maður ekki fundist, því málinu var ekki hreyft frekar.

En á 47. fundi kirkjugarðsstjórnar, 21. desember 1945, var það bókað, að rétt væri, að kirkjugarðsstjórnin tæki að sér að sjá um útfarir frá Fossvogskapellu, jafnskjótt og farið væri að nota hana. Helgi Guðmundsson, sem hafði starfað hjá kirkjugörðunum og var talinn vel kunnugur öllu, er að útförum lýtur, var ráðinn til að hafa umsjón með þeim við kapelluna. Rétt þótti að byggja hús yfir hann eins og umsjónarmanninn. Var það reist suður af húsi þess síðarnefnda.

Marteinn Gíslason var ráðinn verkstjóri í kirkjugörðunum báðum árið 1948.

Enn sem fyrr var það ofarlega í hugum stjórnarmanna að lækka kostnað við útfarir, en hann þótti oft mikill. En menn vildu einnig breyta útfarasiðum. Því var þess farið á leit við söfnuðina, að hver þeirra skipaði einn mann í útfarasiðanefnd. Það var gert, en hún skilaði engu frá sér og hefur trúlega aldrei verið kölluð saman.

Snemma árs 1948 var Jóhann Kr. Hjörleifsson umsjónarmaður kapellunnar sendur til Svíþjóðar til að kynna sér tilhögun við líkbrennslu og meðferð líkbrennsluofnanna.

Fossvogskapella eignaðist nýjan líkvagn í nóvember 1948. Hann var svartur á lit. Hann var klæddur að innan hér heima og málaðir gylltir krossar á báðar hliðar hans.

Í upphafi þurftu menn að þreifa sig áfram, meðan þeir fundu nýju starfi réttan farveg. Fólki fannst ekki nóg, að kapellan tæki að sér að sjá um útfarir. Það vildi, að hún veitti sömu þjónustu og útfararstofur einkaaðila í bænum. Það, sem helst skorti á, var að útvega líkkistur. Bálfarafélagið vildi kaupa tæki til að beygja krossvið og gera úr honum fallegar og hentugar líkkistur, svo sem þá var gert bæði í Danmörku og Svíþjóð, en til þeirra fékkst ekki gjaldeyrisleyfi, enda var þetta á tímum mikilla hafta.

Trésmíðaverkstæði í Reykjavík voru fengin til að smíða kistur í fjöldaframleiðslu. Einnig var tekið á leigu líkkistuverkstæði Tryggva Árnasonar, sem þá var látinn, og Kjartan Jónsson fyrrverandi starfsmaður hans fenginn til starfa þar. Reynslan af þessu leiddi til þess, að ákveðið var 24. apríl 1951, að kirkjugarðarnir eignuðust eigin vinnustofu vel búna vélum og öðru, er þarf til framleiðslu á líkkistum.

Ekkert gjald var tekið fyrir útfarir í kapellunni, ekki heldur fyrir að sækja lík í Reykjavík og nágrenni, ef átti að jarðsyngja þau frá kapellunni. Ákveðið var að auglýsa útfarir á föstu verði, sem ekki færi yfir kr. 1200. Talið var, að þetta þýddi um 700 króna lækkun á verði.

Það gjald, sem tekið var af íbúum utan Reykvíkurprófastsdæmis fyrir líkbrennslu var kr. 150, nema þeir hefðu verið í Bálfarafélaginu, þá voru settar upp kr. 100.

Loks voru þær reglur settar 16. maí 1949,

„að kirkjugarðsstjórn taki fyrst um sinn að sér útfarir aðeins frá kirkjunni í Fossvogi og selji ekki kistur til útfara frá öðrum kirkjum í Reykjavík og leigi ekki líkvagninn í því skyni.“

Á þessu ári var fyrst farið að tala um kapelluna sem *kirkju*, enda sagði Jóhann Kr. Hjörleifsson þeim sem þetta ritar, að sr. Bjarni hefði vígt hana sem Fossvogskirkju. Um sama leyti var einnig farið að tala um stofnunina í fleirtölu, - kirkjugarða Reykjavíkur -.

Til eru tölur um útfarir fyrstu 3 mánuði ársins 1950. Þá höfðu 70 útfarir farið fram frá Fossvogskirkju. Af þeim voru 10 bálfarir.

Á stjórnarfundum 20 júní 1950 var þetta bókað um duftreitinn:

Rætt var um fyrirkomulag duftreitanna fyrir sunnan Fossvogskirkju, sem eru á vegum Bálfarafélagsins. Var stjórnin sammála um þann skilning á samningi milli Bálfarafélagsins, og stjórnar kirkjugarðanna, að kirkjugarðarnir skuli undirbúa landið allt, gera götur um það og búa til greftrunar. Bálfarafélagið skipuleggur svæðið á sinn kostnað og annast gróðursetningu. Um legkaup í þessum reitum fyrir duftker verður tekin ákvörðun síðar af Bálfarafélaginu og tilkynnt stjórn kirkjugarðanna. Uppdráttur sá, er Bálfarafélagið lagði fyrir kirkjugarðsstjórnina, var samþykktur einróma.